

LÚÐVÍK KALMAR VÍÐISSON

Tjáði sig með handa- bendingum á Ítalíu

• á ferðinni • nám

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



AUBUR JÓNSDÓTTIR

Danir elska og hata Tryggðarpant

Politiken reif bókina í sig

FÓLK 26



EMILIANA TORRINI

Slær í gegn hjá Áströllum

Semur nýtt efni með Lay Low

FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

6. janúar 2010 – 4. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MIÐVIKUDAGUR

Stoltur af öllum titlum

Björgvin Björgvinsson hefur verið kjörinn íþróttamaður Dalvíkurbyggðar í tíunda sinn.

TÍMAMÓT 16



G-bletturinn er til

Ekki er einhugur um breska rannsókn á G-blettinum.

FÓLK 20

Sjónvarpsleysi kemur ekki að sök

Þorsteinn Bergsson stendur sig vel með Fljótsdalshéraði í Útsvari.

FÓLK 26


Fullt hús tvö ár í röð

Ólafur Stefánsson var kosinn íþróttamaður ársins annað árið í röð og í fjórða sinn á ferlinum.

ÍPRÓTTIR 22



VEÐRIÐ Í DAG



DREGUR ÚR FROSTI Í dag verður frekar hæg vestlæg eða norðvestlæg átt. Víða bjart suðaustan- og austanlands en annars skýjað, slydda með köflum SV-til en el norðvestantil.

VEÐUR 4

71,4%

29,3%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 – október 2009.



ÓLÍK SJÓNARMÍÐ Ólafur Ragnar Grímsson forseti upplýsti um synjun sína á staðfestingu Icesave-laganna á Bessastöðum í gærmorgun. Rúmri klukkustund síðar lét ríkisstjórnin hörð viðbrögð sín í ljós. Forsetinn kvaðst vonast til að synjunin leiddi til varanlegra sáttta og farsældar fyrir Íslendinga um leið og hún legði grunn að góðri sambúð við allar þjóðir. Ríkisstjórnin lýsti vonbrigðum með ákvörðunina og óttaðist að hún kynni að setja endurreisn Íslands í uppnám.



Óvissa og uppnám eftir synjun forseta

Fyrstu efnahagslegu og utanríkispolítísku áhrif synjunar forsetans á Icesave-lögnum eru neikvæð. Lánshæfismat í ruslflokki. Óljóst um næstu skref. Ráðherrar harðorðir. Forseti segir þjóðaratkvæðagreiðslu forsendu farsællar lausnar.

STJÓRN MÁL Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að ákvörðun forsetans um að synja Icesave-lögnum staðfestingar færri uppbyggingu efnahagskerfisins á byrjunarreit á ný. Hún bendir á að lánshæfiseinkunn ríkisins hafi lækkað í gær og teikn séu á lofti um að ákvörðunin geti haft áhrif á vaxtalækkunarferlið, efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, gæðisþróunina, skuldabreytingaálagið og lánveitingar frá Norðurlöndunum.

Í yfirlýsingu sinni í gær sagði Ólafur Ragnar Grímsson forseti það einlæga von sína að niðurstaðan leiddi til varanlegrar sáttar og farsældar fyrir Íslendinga um leið og hún legði grunn að góðri sambúð við allar þjóðir. Kvað hann skoðanakannanir, undirskriftir og áskoranir frá þingmönnum meðal annars hafa haft áhrif á ákvörðunina. Þá sagði hann þjóðaratkvæðagreiðslu

forsendu farsællar lausnar, sáttta og endurreisnar.

Stjórn málamenn í Bretlandi og Hollandi voru harðorðir í garð Íslendinga þegar ákvörðun forsetans var ljós.

Nokkrir ráðherrar funduðu í gærkvöldi með forystumönnum atvinnulífs og vinnumarkaðar. Var farið yfir stöðuna og áhrif synjunar forseta á stöðugleikasáttmálann metin. Sem sakir standa telja menn sáttmálann standa.

Þá funduðu formenn stjórnarflokkanna með forystufólki stjórnarandstöðunnar. Ríkisstjórnin bauðst til að kalla þing saman á föstudag, en frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslu er tilbúið. Ekki er enn ljóst hvort af því verður.

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra er harðorður í garð forsetans. „Ég tel þetta kolranga ákvörðun hjá forsetanum og held að hún byggji á mjög rangri greiningu á

mögulegum efnahagslegum afleiðingum. Þetta er hins vegar partur af stjórnarskránni, hann hefur rétt til að gera þetta og í þessari stöðu er ekki annað fyrir okkur að gera en að reyna að vinna úr málinu.“

Það verði í fyrsta lagi gert með því að hefja þegar í stað undirbúning þjóðaratkvæðagreiðslu og í öðru lagi með því að beita öllu atgervi Íslands til að lágmarka skaðann. „Viðbrögðin erlendis hafa verið mun harkalegri en ég átti von á, en við þurfum að gera allt sem hægt er til að sjá til þess að samningar sem við höfum gert, eins og samningar um Norðurlandalán og efnahagsáætlunina með Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, haldi. Það er lykilatriði til að ákvörðun forsetans rústi ekki það traust sem þjóðin og ríkisstjórnin höfðu í sameiningu verið að byggja. Nú mun í alvöru reyna á vináttu og bræðraþel Norðurlandþjóða.“

- bps, kóp / sjá síður 4, 6, 8 og 10

Gjaldeyrisviðskipti í gær: Venjulegt segir Seðlabankinn

STJÓRN MÁL „Ég hef ekki orðið var við neitt sérstakt,“ sagði Stefán Jóhann Stefánsson, upplýsingafulltrúi Seðlabankans, spurður í gær um gjaldeyrisviðskipti eftir að forseti Íslands kynnti synjun sína í Icesave-málinu.



STEFÁN JÓHANN STEFÁNSSON

Þá sagði Stefán að ekki yrði gefið upp að sinni hvort Seðlabankinn hafi gripið inn í markaðinn með sölu gjaldeyris.

Litlar breytingar urðu á gengi krónunnar í gær.

- gar

Erlendir fjölmiðlar oftúlka: Segja þjóðina neita að borga

STJÓRN MÁL Misskilnings hefur gætt hjá fjölmörgum erlendum fjölmiðlum sem fjölluðu um ákvörðun forsetans. Þeir full-yrtu hver á fætur öðrum að með synjuninni væri Ísland að neita að greiða skuldir vegna Icesave-reiðinganna. Ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu í kjölfar ákvörðunarinnar þar sem hið rétta var útskýrt. Þá var nóg að gera hjá breska almannatengslafyrirtækinu Financial Dynamics, sem starfar fyrir ríkisstjórnina, við að koma málstað Íslands á framfæri.

- kóp

Kafbátur mánaðarins • janúar

6 tommu bátur 379 Krónur

skinkubátur SUBWAY

7 SUBWAY kafbátur með 6 grömm af fetu

HjartaHeill



Ágústa, hefur Reyksímminn verið rauðglóandi öll árin?

„Já, það rýkur yfirleitt úr honum.“

Reyksímminn, símaþjónusta fyrir þá sem vilja hætta að reykja, er orðinn tíu ára gamall. Ágústa Tryggvadóttir hefur starfað hjá Reyksímanum frá árinu 2002.

Hamfarir á Salómonseyjum: Þúsund manns heimilislauisir

SALÓMONSEYJAR, AP Um þúsund manns á Salómonseyjum í vestanverðu Kyrrahafi misstu heimili sitt þegar harður jarðskjálfti varð skammt frá eyjunum á mánudag. Aurskriður og öflug flóðbylgja, sem varð allt að þrjú metra há, eyðilögðu um 200 hús á eyjunni Rendova, en þar búa um 3.600 manns. Engin meidsl virðast hafa orðið á mönnum.

Skjálftinn mældist 7,2 stig. Fyrir tæpum tveimur árum varð þar skjálfti, sem mældist 8,1 stig og kostaði meira en 50 manns lífið. - gb

Umdeilt bann fellt úr gildi: HIV-smitaðir velkomnir

BANDARÍKIN Fólk sem smitað er af HIV eða alnæmi getur ferðast til Bandaríkjanna eftir að bann sem staðið hafði í 22 ár var fellt úr gildi á mánudag. Barack Obama Bandaríkjaforseti segir að bannið hafi rímað illa við áform landsins um að vera í forystu í baráttunni við HIV og alnæmi.

Bannið var sett í lok níunda áratugar síðustu aldar, þegar mikill ótti var við heimsfaraldur sjúkdómsins, að því er fram kemur í frétt BBC. Bandaríkin fylltu þar flokk tólf ríkja með sambærilegar reglur, þar á meðal Líbíu og Sádi-Arabíu.

Bandarísk stjórnvöld búa sig nú undir að halda stóra ráðstefnu um alnæmi árið 2012. - bj

FÉLAGSSTARF

Sækja jólatrén

Víkingar hafa blásið til allsherjarsöfnunar á áhrifasvæði sínu í Fossvogi og Smáibúðahverfi. Safna á farsímum, dósnum og rafhlöðum og einnig bylgjupappa og plasti. Jólatrén verða hirt gegn eitt þúsund króna gjaldi.

Tveir menn sakaðir um að hafa barið mann, numið hann á brott og hótað:

Ákærðir fyrir að ræna mann

DÓMSMÁL Tveir karlmenn, 29 og 35 ára, hafa verið ákærðir fyrir húsbrot, rán, eignaspjöll og tilraun til fjárkúgunar.

Mönnunum er gefið að sök að hafa ruðst inn á heimili manns í Reykjanessbæ í febrúar, ráðist á hann og meðal annars sparkað í höfuð hans. Þeir hafi síðan þvingað manninn upp í bíl og annar þeirra setti við hlið hans vopnaður hnífi og hótað honum stórfelldum líkamsmeiðingum ef hann greiddi þeim ekki skuld.

Þá segir í ákærinni að þeir hafi hringt í fósturföður fórnarlamb síns og hótað honum að gengið yrði frá fóstursyni hans ef hann



REYKJANESSBÆR Mennirnir ruddust inn til þess þriðja og beittu hann öfbeli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sæi ekki til þess að skuldin yrði greidd.

Annar maðurinn er Mikael Már Pálsson. Mikael Már hlaut árið

2006 fjögurra ára fangelsisdóm fyrir að hafa sent þrjú tvituga menn utan til að smygla til landsins hálfu kíló af kókaini, og að hafa sjálfur smyglað til landsins fjórum kílóum af amfetamíni.

Mikael er jafnframt ákærður fyrir að hafa ekið bílnum undir áhrifum áfengis og fíkniefna. Félagi hans er ákærður fyrir að hafa haft 29 grömm af amfetamíni í fórum sínum þegar hann var handtekinn, sem hann reyndi að losa sig við út um gluggann svo lítið bæri á.

Ákæran verður þingfest í Héraðsdómi Reykjaness á föstudag. - sh

Hótaði fangaverði lífláti í stroktilraun

Brasilíski gæsluvarðhaldsfanginn Hosmany Ramos hótaði fangaverði lífláti með eggvopni í gær. Ramos reyndi að strjúka frá tveimur fangaflutningamönnum sem voru á leið með hann fyrir dómara til framlengingar á gæsluvarðhaldi.

LÖGREGLUMÁL Brasilíski gæsluvarðhaldsfanginn Hosmany Ramos hótaði fangaverði lífláti um hádegisbilið í gær þegar verið var að færa hann fyrir dómara, til framlengingar á gæsluvarðhaldi hans, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Áður hafði honum tekist að útbúa á laun oddhasst stunguvopn, sem hann hótaði fangaflutningamanninum með.

„Ég get staðfest að gæsluvarðhaldsfanginn Hosmany Ramos gerði tilraun til stroks frá flutningsmönnum Fangelsismálastofnunar vopnaður heimatilbúna eggvopni,“ segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, spurður um atvikið. Að sögn Páls var Ramos handjárnður í fangaflutningabílum. Hann var með grisju á öðrum únlíðnum vegna meintra meiðsla þar. Grisjan varð til þess að honum tókst að losa annað handjárníð fram af hendinni.

Leiðin lá frá Hegningarhúsinu að Héraðsdómi Reykjavíkur. Þegar bíllinn var stöðvaður og dyr hans opnaðar rauk Ramos út úr honum og burt. Flutningsmennirnir hlupu á eftir honum og lögreglubíl sem var á næstu grösum var beygt í veg fyrir hann. Þegar annar flutningsmannanna hugðist taka Ramos sneri hann sér að honum og hótaði honum lífláti með eggvopninu. Hann var engu síður handsamaður af flutningsmönnum tveimur og lögreglumanninum, innan við mínútu frá flóttatilrauninni.

„Svo virðist sem strokið hafi verið þaulskipulagt og eggvopn það sem hann beitti vandlega gert,“



HOSMANY RAMOS Gæsluvarðhald var framlengt enn einu sinni yfir brasilíska lýtalækninum Ramos í gær. Hann hefur ætíð áfrýjað gæsluvarðhaldsúrskurðinum til Hæstaréttar, án árangurs.

segir Páll enn fremur. „Við búum við sífellt harðari heim brotamanna og þessi rækilega undirbúna stroktilraun er enn ein birtingarmynd slíks. Ég er þó afar ánægður með fangaverði og lögreglumann sem handsömuðu fangann nánast samstundis.“ Ekki liggur fyrir hvort Ramos hafi átt sér vitorðsmenn en málið er til rannsóknar hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Hosmany, sem er á sjötugsaldri, hefur tvívegis hlotið þunga dóma í Brasilíu. Árið 1998 var hann dæmdur í 24 ára fangelsi fyrir rán, mann-

rán og móþróa við handtöku. Á Þorláksmessu í fyrra fékk Hosmany leyfi til að vera heima yfir jólin en sneri ekki aftur til afplánunar. Skömmu síðar var gefin út handtökuspjón á hendur honum.

Það var síðan 9. ágúst sem hann var handtekinn á Keflavíkurflugvelli þegar hann framvísaði vegabréfi bróður síns. Síðan þá hefur hann settið í gæsluvarðhaldi. Dómsmálaráðuneytið hefur fallist á framsalsbeiðni brasilískra yfirvalda varðandi hann.

jss@frettabladid.is

Ótryggur vinnumarkaður:

Yfir fimmtíu hópuppsagnir

VINNUMARKAÐUR Tilkynt var um fimm hópuppsagnir til Vinnumálastofnunar í desember þar sem sagt var upp 167 manns. Um er að ræða fyrirtæki í fiskvinnslu, iðnaði, verslun, flutningastarfsemi og upplýsinga- og útgáfustarfsemi.

Ástæður uppsagnanna eru verkefnaskortur, hræfnisskortur, greiðslustöðvun og endurskipulagning og rekstrarerfiðleikar. Nokkrir hafa fengið ráðningu hjá fyrirtækjum sem tóku yfir verkefni og stefnt er að endurráðningu í stöku tilvikum. Alls bárust Vinnumálastofnun tilkynningar um uppsagnir 1.789 manns í hópuppsögnum á árinu 2009. - sh



LÍK FRÁ AFGANISTAN Bandarískir hermenn flytja féлага sinn heim.

Árásarmaður í Afganistan:

Starfaði fyrir Bandaríkin

AFGANISTAN, AP Sjálfsvígarsárasarmaður, sem varð í árslok átta manns að bana í bækestöðvum bandarísku leyniþjónustunnar CIA í Afganistan, var í þjálfun hjá leyniþjónustunni til gagnþjónustarfa.

Hann hafði sagst hafa upplýsingar um Ayman al-Zawahri, næstráðanda Osama bin Laden hjá Al Kaída-samtökunum. Bandaríska leyniþjónustan gerði sér vonir um að hann gæti gengið í Al Kaída á fólkskum forsendum, en sent Bandaríkjamönnum upplýsingar.

Fréttastofnan AP hefur þetta eftir ónafngreindum heimildarmönnum innan CIA. - gb

Færri fara um flugvöllinn:

Fækkar um 17% milli ára

SAMGÖNGUR Farþegum sem fóru um Keflavíkurflugvöll fækkaði um 16,7 prósent milli síðasta árs og ársins 2008. Alls fóru tæplega 1,7 milljónir ferðamanna um völinn á nýliðnu ári, um 4.500 á dag, samanborið við um 5.500 árið áður, samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálastofu.

Fækkun var alla mánuði ársins að desember undanskildum, þegar farþegafjöldinn hélt hér um bil í stað milli ára. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu farþega hjá Ferðamálastofu eftir þjóðerni enn sem komið er. - bj

Situr í gæsluvarðhaldi grunaður um að hafa tælt þrjár ungar stúlkur á Facebook:

Kærður fyrir að svipta stúlku frelsi og nauðga henni ítrekað

LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem situr í gæsluvarðhaldi vegna samskipta sinna við þrjár ungar stúlkur sem hann komst í kynni við á Facebook er grunaður um að hafa haldið einni þeirra nauðugri á heimili sínu yfir nótt og nauðgað henni ítrekað. Jafnframt er hann grunaður um að hafa haft samræði við hinar tvær.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hafa þrjár kærur borist á hendur manningnum, sem er tuttugu og tveggja ára. Stúlkurnar voru þrettán, fjórtán og sextán ára.

Elsta stúlkun kærði manning fyrir að hafa haldið sér nauðugri á heimili hans í byrjun desember

og nauðgað sér. Grunur leikur á að hann hafi haft uppi siendurtekið afar ofbeldisfullt athæfi gagnvart stúlkunni um nóttina. Hún fór á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis í kjölfarið, þar sem hlúð var að henni. Hún var með töluverða áverka eftir ofbeldisverk á höfði, í andliti og víðs vegar um líkamann.

Aðstandendur hinna stúlkanna hafa kært manningnum fyrir að hafa haft mök við stúlkur undir lögaldri. Málin eru öll til rannsóknar hjá lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

Búið er við kröfu um framlengingu varðhalds yfir honum í dag. - jss



TÖLVUBÚNAÐUR Lögregla rannsakar meðal annars tölvubúnað mannsins, sem grunur leikur á að innihaldi meðal annars barnaklám.


Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

**HROGN
OG LIFUR**

**Glæný Línuýsa
úr Jökuldýpi**

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Bréfabakki Leitz, A4 Slim
Tekur minna pláss, með lægri hlíðum.
Hægt að stafla með venjulegu stærðinni.
Verð 595 kr.



Dagbók
Verð 890 kr.



Plastmappa Vivanto
Með klemmu á kili.
Verð 375 kr.

Gleðilegt nýtt ár og gott verð

Frábær nýrstilboð Pennans færa þér allt að 60% afslátt af völdum skrifstofuvörum.

Pennapappír sem hlotið hefur fjölda gæðavottana
500 blöð í pakka.
Verð 999 kr.



Pappírstættari, Fellowes
Microshred MS-460Cs
Verð 68.877 kr.



- Griðarlega öflugur tættari
- Tættir A4 blað í nærri 4000 hluta
- Mjög hljóðlátur, SilentShred™
- Tættir auk pappír: Bréfa-klemmur, hefti, CD/DVD og greiðslukort



Skúffuskápar
Hægt að stafla eða raða saman.
Verð frá 8.525 kr.

Tong Toner Blek Pappír Husgögn Skolar gögn Heildarlausnir Skrifborðustofustóla Hreinlætisvörur Hentugar kaffilausnir Skrifstofutæki Gott úrval Gæði Þjónusta sniðin í sum þörfum Persónuleg þjónusta og fagleg gjöf www.penninn.is Ritföng Toner Blátt Pappír Husgögn Skólahúsgögn Heildarlausnir Skrifborðustofustólar Hreinlætisvörur Hentugar kaffilausnir Skrifstofutæki Gott úrval Gæði Þjónusta sniðin að þínum þörfum

Bréfabindi plastklædd
Verð 299 kr.



Mennt er máttur
Vinnubók, gormabinding, rifgötuð blöð.
Verð 299 kr.

35% afsláttur



Tilboðið gildir ef keyptar eru 5 saman í pakka.

3M Pininfarina statíf fyrir Z-notes blokkir
Verð 2.760 kr.

50% afsláttur



3M Pininfarina statíf fyrir límband (4 rúllur fylgja)
Verð 2.760 kr.

50% afsláttur



Penninn

Verið velkomin í verslanir Pennans eða kynnið ykkur fjölbreytt úrval skrifstofuvara á hagstæðu verði á www.penninn.is

Með þér í vinnunni

GENGIÐ 05.01.210

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	124,48	125,08
Sterlingspund	199,29	200,25
Evra	179,46	180,46
Dönsk króna	24,112	24,254
Norsk króna	21,826	21,954
Sænsk króna	17,582	17,686
Japanskt jen	1,3533	1,3613

SDR 195,08 196,24

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

233,0576

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formaður fjárlaganefndar: Áfellisdomur

Guðbjartur Hannesson, formaður fjárlaganefndar, litur á ákvörðun forseta sem áfellisdom yfir störfum sínum. „Mér finnst sorglegt



GUÐBJARTUR HANNESSON

ad það þurfi að láta þjóðina velja um að borga með einni greiðsluáferð eða annarri. Það á hvort eð er að borga á sömu vöxtum og greiða allt upp að fullu. Ég mat það þannig að þessi ný samningur væri keimlíkur hinum fyrri en það er mér svo sem að meinalausi að lög nr. 96 gildi ef þau geta haldið. En það má ekki gleyma því að það voru fleiri við þetta borð en íslenska ríkið.“

Guðbjartur segist almennt hlynntur þjóðaratkvæðagreiðslum en telur þetta tiltekna mál ekki henta til slíkrar meðferðar. - bps

Ráðherrar óánægðir:

Synjunin kom án viðvörunar

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra voru ekki upplýst um ákvörðun forsetans um synjun Icesave-laga fyrir en blaðamannafundur forsetans var hafin á Bessastöðum. Bréf frá forsetanum bárust ráðherrunum þegar klukkan var um fimm mínútur gengin í tölfrá þar sem þau sátu og fylgdust með blaðamannafundinum í sjónvarpi í stjórnsráðinu þar sem hlé hafði verið gert á ríkisstjórnarfundum.

Samkvæmt svari frá forsetaembættinu var yfirlýsing forsetans send frá Bessastöðum til ráðherranna tveggja um leið og hún var tilbúin upp úr klukkan tíu í gærmorgun. Óútskýrt er hvers vegna bréfin bárust svo seint til ráðherranna. - gar

Forseti Íslands synjar staðfestingu Icesave-laga

Aftur komin í björgunarstarf

Forsætisráðherra segir marga þætti efnahagslífsins í uppnámi. Forsetanum hafi verið kunnugt um möguleg áhrif synjunar. Forsetinn stóð ekki við að láta forsætisráðherra vita fyrirfram um niðurstöðu sína.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að ákvörðun forsetans hafi sett marga þætti efnahagslífsins í uppnám. „Við erum aftur komin í björgunarstarf sem við töldum að við hefðum lokið að mestu og við höldum að við gætum farið að einbeita okkur að uppbyggingunni. Nú sjáum við viðbrögð alþjóðasamfélagsins; láns-hæfismatið er komið í ruslflokk, vaxtalækkunarferlinu er stefnt í óvissu, áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og gengisþróuninni er stefnt í óvissu, þetta hefur áhrif á skuldatryggingaálagið og við vitum ekki nema þetta geti haft áhrif á frestun lána frá Norðurlöndunum. Þannig að það er ýmislegt í húfi og nú erum við að fara yfir stöðuna og sjá hvernig hægt verður að bjarga því sem bjargað verður.“ sagði Jóhanna í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

Hún ræddi ekki við forsetann í gær en þau töluðust við í síma að kvöldi mánudagsins. „Hann ætlaði að láta mig vita áður en hann kynnti sína ákvörðun en ég fékk



FUNDUR MEÐ AÐILUM VINNUMARKAÐARINS Forystumenn ríkisstjórnarinnar gerðu fulltrúum þeirra sem komu að stöðugleikasáttmálanum grein fyrir mati sínu á stöðu mála á fundi í Ráðherrabústaðnum í gærkvöld.

ekki niðurstöðu frá honum fyrr en eftir klukkan ellefu, eftir að hann var búinn að kynna sína ákvörðun.“ Hún segist hafa gert forsetanum fullkomna grein fyrir mati sínu og fjármálaráðherra á því hvaða áhrif það hefði ef hann synjaði lögnum staðfesting-

ar. Hann hafi einnig haft undir höndum gögn, unnin af sérfræðingum í stjórnsráðinu, yfirfarin af Seðlabankanum. „Hann hafði mat okkar á þessari stöðu; hvað gæti gerst í framhaldinu og því miður höfum við á síðustu mínútum og klukkustundum séð það allt verða að veruleika. En við vonum að það sé hægt að lágmarka þennan skaða eins og kostur er.“

Spurð hvort hún sé staðráðin í að halda áfram störfum segir Jóhanna ekki annað í kortunum núna. „Við þurfum ekki á stjórnskræppu að halda í augnablikinu.“ Hún vill ekki svara að svo stöddu hvort ríkisstjórnin fari frá verði lögnum hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún vill heldur ekki svara hvort hún telji að með ákvörðun sinni hafi forsetinn veikt ríkisstjórnina.

„Ég vil ekki tjá mig um það. Forsetinn hefur þennan rétt, ég dreg hann ekki í efa og við verðum bara að vinna úr þeirri stöðu sem hann hefur sett okkur í.“

bjorn@frettabladid.is

Ísland í ruslflokk og í einangrun

Lánshæfiseinkunn Íslands er komin í ruslflokk samkvæmt mati sem breska matsfyrirtækið Fitch Ratings gaf út síðdegis í gær í kjölfar þess að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, neitaði að staðfesta lög frá Alþingi vegna Icesave-saminga við Breta og Hollendinga.

Paul Rawkins hjá Fitch í London segir ákvörðun forseta Íslands skapa nýja bylgju af óvissu í stjórnmálum, fjármálum og efnahagsmálum Íslendinga. „Hún táknar einnig mikinn afturkipp í viðleitni Íslands til að endurreisa eðlileg fjármálasamskipti við umheiminn,“ segir Rawkins í frétt frá Fitch.

Bandaríska matsfyrirtækið Standard & Poor's lækkaði hins vegar ekki lánshæfismat sitt en metur nú horfurnar á Íslandi neikvæðar í staðinn fyrir stöðugar eins og hafði verið gert frá því Alþingi samþykkti Icesave-lögin fyrir áramót. Mat fyrirtæksins á lánshæfi Íslands gæti þó lækkað um einn eða tvo punkta innan mánaðar. Búast mætti við seinkun á fjárhagsaðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptaedeild Háskólans í Reykjavík, segir að meta verði ákvörðun Fitch í ljósi aðstæðna. „Hér hefur allur aðgangur að erlendum lánamörkuðum verið lokaður í tvö ár. Aðstaða okkar á þeim tíma er aðstaða þess sem er í ruslflokk og við höfum ekki getað fengið lán nema á mjög óhagstæðum kjörum. Þessi ákvörðun Fitch núna breytir engu um þá staðreynd þótt hún sé í sjálfu sér ekki fallin til að bæta stöðuna,“ segir Ólafur.

Þá segir Ólafur ekki úr vegi að nefna að Fitch rekur starfsemi sína í London. „Það er Breti sem talar fyrir fyrirtækið og kannski skýrir það hversu fljótt það er til og er á undan amerísku matsfyrirtækjunum. Það er mikilvægt að sannfæra matsfyrirtæki og aðra slíka aðila um að ákvörðun forsetans felur ekki í sér vanefnd af neinu tagi á erlendum skuldbindingum af hálfu Íslendinga,“ segir hann.



Á BESSASTÖÐUM Í GÆR Synjun forseta Íslands á lögum um Icesave skapar að sögn matsfyrirtæksins Fitch mikla óvissu um framtíð mála á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rawkins segir að efnahagsleg og eignaleg staða Íslands sé svo bágborin að lánshæfi ríkisins nái ekki máli sem fjárfestingarkostur. Fitch hafi ætíð sagt lausn Icesave-deilunnar, með tvíhliða samkomu-lagi við Breta og Hollendinga, vera forsendu þess að endurreisa lánshæfi Íslands. Óvissu um lán AGS og önnur lán til Íslands hafi nú verið endurvakin. Þess utan trufla þetta enn frekar áætlun um afnám gjald-eyrishafna og hefði sömuleiðis slæm áhrif á viðleitni til að skapa trúverðugt gengi á íslensku krónunni á frjálsum markaði.

„Þetta neikvæða útlit heldur áfram að endurspegla viðvarandi óvissu um lausn Icesave-deilunnar, möguleikana á meiri einangrun Íslands á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og hættuna á því að núverandi áætlun um efnahagslegan stöðugleika og endurreisn muni kollsteypast,“ segir í mati Fitch Ratings.

gar@frettabladid.is

Yfirlýsing AGS vegna Icesave:

Samkomulag ekki skilyrði

Samkomulag um Icesave er ekki skilyrði fyrir því að áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hér á landi gangi eftir, svo fram-

lega sem áætlunin sé fjármögnuð með fullnægjandi hætti. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá



MARK FLANAGAN

Mark Flanagan, sendifulltrúa sjóðsins fyrir Ísland, sem send var fjölmiðlum í gærkvöldi.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun meta stöðuna með íslenskum stjórnsýslum í kjölfar ákvörðunar forseta Íslands og hafa samráð með þeim löndum sem ásamt sjóðnum fjármagna áætlun hans hér á landi, samkvæmt yfirlýsingu sinni. Áfram verði unnið að því að koma Íslandi út úr þeim vanda sem það sé komið í. - bj

Þitt hjartans mál



Benecol inniheldur plöntu-
stanólester sem lækkar
kólesteról í blóði. Ein
flaska á dag dugur til
að ná hámarksvirkni
og full áhrif koma
fram strax þremur
vikum eftir að
neysla hefst.




VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
veður-
fréttamaður

KULDAKAST Í RÉNUN Hlýrra loft læðist upp að S- og SV-ströndinni og þar hlýnar lítillega næstu daga. Áfram eru þó horfur á töluverðu frosti inn til landsins. Nokkuð bjart verður SA- og A-lands á næstunni en þungbúnara vestantil og úrkoma með köflum.

Á MORGUN
3-10 m/s
Hvassast NV-til.



HEIMURINN

Alicante	15°
Basel	7°
Berlín	-7°
Billund	0°
Eindhoven	2°
Frankfurt	-3°
Friedrichshafen	-3°
Gautaborg	-2°
Kaupmannahöfn	-2°
Las Palmas	22°
London	1°
Mallorca	12°
New York	4°
Orlando	12°
Ósló	-16°
París	-2°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÚTSALA REKKJUNNAR 30-70% AFSLÁTTUR!

SVEFNSÓFAR
**30%
AFSLÁTTUR**



HEILSUKODDAR
**30%
AFSLÁTTUR**



SÆNGURFÖT
**30%
AFSLÁTTUR**



KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
**35%
AFSLÁTTUR**
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.



ATH! Myndirnar eru aðeins til hlíðsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.

rekkjan



Forseti Íslands synjar staðfestingu Icesave-laga

Viðbrögð Breta og Hollendinga við synjun forseta: Segir augljóst að ekki sé hægt að reiða sig á Ísland

Það er algerlega óásættanlegt ætli íslensk stjórnvöld ekki að standa við skuldbindingar sínar, segir talsmaður hollenska fjármálaráðuneytisins, spurður um viðbrögð við synjun forsetans á Icesave-lögum.



WOUTER BOS



ALISTAIR DARLING

málsins, segir talsmaður hollenska fjármálaráðuneytisins.

Í sama streng tók talsmaður breska fjármálaráðuneytisins. Þarlend stjórnvöld ætla einnig að vera í sambandi við íslensk stjórnvöld áður en ákveðið verður hvernig brugðist verður við. Áfram verði unnið með hollenskum stjórnvöldum og innan Evrópusambandsins að lausn málsins.

Haft var eftir Wouter Bos, fjármálaráðherra Hollands, í vefút-gáfu dagblaðsins de Volkskrant að nú sé ljóst að augljóst sé að ekki sé hægt að reiða sig á Ísland. Hollendingar ættu í framhaldinu að koma því á framfæri við önnur Evrópusambandslönd að mögulega væri rétt að endurskoða aðild Íslands að Evrópska efnahagssamningnum.

Ákvörðun forsetans veldur stjórnvöldum miklum vonbrigðum, og í framhaldinu verður rætt við íslensk stjórnvöld um framhald

Engin viðbrögð bárust frá Alistair Darling, fjármálaráðherra Bretlands, í gær. Þingkosningar eru fyrirhugaðar bæði í Bretlandi og Hollandi á árinu. Kosningabaráttan er þegar hafin í Bretlandi fyrir kosningar í vor, en reiknað er með kosningum í haust eða snemma næsta vetur í Hollandi.



BLAÐAMANNAFUNDUR Á BESSASTÖÐUM Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði þjóðina þurfa að fá ráðrúm til að meta yfirlýsingu þá sem hann kynnti í gærmorgun, en svaraði engu síður nokkrum spurningum fjölmiðla.

Vísad til þjóðarinnar

Forseti Íslands telur að meirihluti þjóðarinnar og alþingismanna vilji kjósa um Icesave-lögin. Hann vonast eftir varanlegri sátt um málið. Mat forsetans á því hvort málum sé skotið til þjóðarinnar ræður segir lagaprófessor við HR.

Lögum frá í desember um ríkisábyrgð vegna Icesave-samninga við Breta og Hollendinga var vísað til þjóðarinnar með ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands, í gærmorgun um að skrifa ekki undir lög.

Á blaðamannafundi á Bessastöðum þar sem forsetinn kynnti ákvörðun sína vísaði hann til þess að honum hafi borist áskoranir frá um fjórðungi kosningabærra manna í landinu um að vísa lögum um í þjóðaratkvæðagreiðslu.

„Það er mun hærra hlutfall en tilgreint hefur verið sem viðmið í yfirlýsingu og tillögum stjórnmalaflokka,“ sagði Ólafur Ragnar. Samkvæmt frumvarpi um breytingu á stjórnarskránni sem var lagt fram á þingi síðastliðinn vetur var kveðið á um að 15 prósent kosningabærra manna gætu knúð fram bindandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar voru þó undanskildir milliríkjasamningar.

Ólafur Ragnar kvað skoðanakannanir jafnframt benda til að yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar væri sama sinnis. „Þá sýna yfirlýsingar á Alþingi og áskor-

anir sem forseta hafa borist frá einstökum þingmönnum að vilji meirihluta alþingismanna er að slík þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram.“

Ragnhildur Helgadóttir, prófessor við lagadeild Háskólans í Reykjavík, segir stjórnarskrána í raun ekki gera kröfu um að forsetinn rökstyðji ákvörðun sína, mat á því hvort málum sé skotið til þjóðarinnar liggja í valdi hans. „Það er ekki gerð krafa um annað, hvað þá einhvern ákveðinn fjölda manna,“ segir hún, en kveðst hafa staldrað við orð hans um meirihluta á Alþingi fyrir því að vísa málinu í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þar sem þingmenn hafi á þingi verið nýbúnir að hafna þjóðaratkvæðagreiðslu um málið þá þyki henni hæpið að ætla í rökstuðningi að styðjast við yfirlýsingar þeirra í fjölmiðlum um annað.

Á Bessastöðum í gær kvað Ólafur Ragnar það einlæga von sína að niðurstaða leiddi til varanlegra satta og farsældar fyrir Íslendinga um leið og hún legði grunn að góðri sambúð við allar þjóðir, en hann var jafnframt spurður út í

möguleg áhrif ákvörðunar hans á ríkisstjórnina, sem lagt hafi ríka áherslu á að keyra málið í gegn. „Málskotsrétturinn, eins og hann er tilgreindur í 26. grein stjórnarskrárinnar, felur eingöngu í sér að forseti taki afstöðu til þess hvort þjóðin eigi að meta tiltekin lög eða ekki. Afstaða einstakra ráðherra eða ríkisstjórnar til slíkrar ákvörðunar getur aldrei orðið úrslitaatriði í slíkri niðurstöðu,“ sagði Ólafur Ragnar.

Þá virtist forsetinn ekki hafa áhyggjur af viðbrögðum erlendis. „Bretar og Hollendingar eru meðal elstu lýðræðisþjóða Evrópu og hljóta þannig að bera djúpa virðingu fyrir lýðræðislegum rétti þjóða eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslum,“ sagði hann og bætti einnig við að lög tækju gildi þrátt fyrir synjun hans og það myndi ekki breytast fyrr en með þjóðaratkvæðagreiðslu. „Með þessari ákvörðun hefur ekkert gerst sem ætti að gefa Bretum og Hollendingum tilefni til að bregðast við með neikvæðum hætti.“

ollikr@frettabladid.is



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

FRUMKVÖÐLA OG REKSTRARNÁM

Hagnýtt og hnitmiðað nám, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eigin rekstur og þá sem vilja stofna til eigin reksturs með því að finna hugmyndum sínum eða hugmyndum annara frjóan farveg.

Helstu námsgreinar:

- » Frumkvöðlar og framtíðarsýn (6)
- » Stofnun fyrirtækja (6)
- » Hagnýt markaðsfræði (42)
- » Excel við áætlanagerð (24)
- » Fjármálastjórnun og framlegð (30)
- » Hagnýtur bókhaldsskilningur (12)
- » Gerð viðskiptaáætlunnar (48)

Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlanna, hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda, hvenær borgar sig að fara af stað og hvenær borgar sig að sitja heima.

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

168 stundir - Verð: 198.000.-

Kvöldnámskeið 9. feb. - 25. maí.
Morgunnámskeið 9. feb. - 25. maí.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

Tvísýnt um endurreisnaráætlun

„Með ákvörðun forseta Íslands um að staðfesta ekki breytingu Alþingis á lögum nr. 96/2009, svokölluðum Icesave-lögum er þeim árangri sem náðst hefur í endurreisnaráætlun stjórnvalda teft í mikla tvísýnu,“ segir í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kynntu yfirlýsinguna á blaðamannafundi í Stjórnarráðinu í gær, eftir að forsetinn hafði fyrr um morguninn upplýst um ákvörðun sína.

„Ríkisstjórn Íslands lýsir vonbrigðum með ákvörðun forseta og í ljósi þeirra alvarlegu áhrifa sem synjun forseta Íslands kann að hafa mun ríkisstjórnin nú meta stöðu mála og horfur varðandi þá endurreisnaráætlun sem hún hefur fylgt með góðum árangri,“ segir í yfirlýsingunni.

Vísad er til þess að í viljayfirlýsingu stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) vegna efnahagsáætlunarinnar sem undirrituð var í nóvember 2008 sé því heitið að Icesave-málið verði leitt til lykta með samningum. Slíkir samningar eru sagðir ein forsenda lánveitinga frá sjóðnum, auk þess sem lyktir málsins hafi verið forsenda fyrir lánafyrirgreiðslu af hálfu Norðurlandanna. „Án þessara lána er fjármögnun efnahagsáætlunarinnar



Í KASTLÓSI FJÖLMIÐLA Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra svara spurningum fjölmiðla eftir ríkisstjórnarfund í Stjórnarráðinu í hádegjunu í gær. Þau lýstu vonbrigðum ríkisstjórnarinnar með þá ákvörðun Ólafs Ragnars Grímssonar að skrifa ekki undir Icesave-lögin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ótrygg og framhald hennar óvísst.“ Forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar segja hana leggja áherslu á að ekki megi draga upp þá mynd gagnvart umheiminum að Ísland ætli að hlaupast frá skuldbindingum sínum, en um hádegisbil sendi stjórnin frá sér tilkynningu þar að lútandi til erlendra miðla.

Ríkisstjórnin gagnrýnir í yfirlýsingu sinni ákvörðun forsetans og segir áhöld um hvort það sé pólitískt og

stjórnskipulega eðlilegt að forseti beiti málskotsrétti sínum þegar um sé að ræða milliríkjamál, líkt og Icesave-málið sé. „Stjórnvöld hafa kappkostað að eyða allri slíkri óvissu og leitast við að skapa traust í garð þjóðarinnar. Óvissa eða uppnám í fjármálalegum samskiptum við önnur ríki getur haft ófyrirsjáanlegar, víðtækar og mjög skaðlegar afleiðingar fyrir íslensk samfélag.“

- óká

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

eterna

Van Gils

gardeur®

HUGO
HUGO BOSS

CANALI

PAL ZILERI

POLO  RALPH LAUREN

FINUCCI
collezione

bugatti

MABRUN

LLOYD

SARAR

BELLINI
collezione

OPÍÐ
VIRKA DAGA
FRÁ KL. 11 TIL 18
LAUGARDAGA
FRÁ KL. 11 TIL 17
SUNNUDAGA
FRÁ KL. 13 TIL 17



Herra
Lagerinn
outlet

Lika fyrir konur

Rýmning!

60%

**afsláttur
af öllum
herrafatnaði**

70%

**afsláttur
af öllum
kvenfatnaði**

SÍMI 568 9512 SUÐURLANDBRAUT 54 BLÁU HÚSIN (VIÐ FAXAFEN)



Forseti Íslands synjar staðfestingu Icesave-laga

Prófessorar um synjuna á breytingum Icesave-laga:

Ógilding lögleg en pólitískt ólíkleg

Það mundi standast stjórnarskrána að Alþingi fellði Icesave-lögin úr gildi í stað þess að vísa þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu. Það er þó pólitískt ólíklegt að núverandi ríkisstjórnarflokkar afgreiði málið með þeim hætti.

Þetta er mat Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Í sama streng tekur Eiríkur Tómasson, lagaprófessor við HÍ.

„Hins vegar er spurning hvort það sé pólitískt mögulegt fyrir núverandi stjórnarflokka að afturkalla lögin,“ segir Gunnar Helgi. Hann vísar til þess að sumir leiðtogar ríkisstjórnarflokka hafi



EIRÍKUR TÓMASSON



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

gagnrýnt það harðlega árið 2004 að ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks felldi fjölmiðlalög úr gildi eftir synjun forseta án þess að vísa þeim til þjóðaratkvæðagreiðslu.

Margir stjórnarandstæðingar þess tíma hafi þá talið það brjóta gegn stjórnarskránni að vísa málinu ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu eftir synjun forsetans.

Eiríkur segir að það myndi hins vegar ekki standast stjórnarskrána að leggja fyrir Alþingi frumvarp með minni háttar breytingum á Icesave-lögunum á Alþingi.

Gunnar Helgi segist sammála Eiríki um það.

Þjóðin kýs um hvort lögum verður breytt

Þjóðin mun taka afstöðu til breytinga á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave. Hafni þjóðin þeim þurfa viðsemjendur að samþykkja fyrirvara í eldri lögum sem þeir hafa áður hafnað. Þá verður Icesave-skuld greidd eftir eldri lögnum.

Innan tíðar verða lög um breytingar á ríkisábyrgð vegna Icesave borin undir þjóðina til synjunar eða samþykktar. Þar fær hún tækifæri til að taka afstöðu til þess hvort þær breytingar sem Alþingi gerði á fyrri lögum um málið, sem samþykkt voru í september, verði grundvöllur samninga við Breta og Hollendinga.

Atkvæðagreiðslan gengur þannig ekki út á hvort eigi að greiða skuldbindingar vegna Icesave, heldur hvernig þeim greiðslum verður háttáð og hvaða fyrirvarar gilda um þær.

Lögfræðingurinn Helgi Áss Grétarsson skrifaði greinargerð sem fylgdi breytingartillögnum.

Par fór hann yfir mismun á ákvæðum viðaukasamninga breytingar-



BJÖRG THORARENSEN



FRÍÐRIK MÁR BALDURSSON

tillagnanna og ákvæðum laganna frá því í september. Þar sem kjósendur taka afstöðu til breytinganna í þjóðaratkvæðagreiðslunni tók Fréttablaðið saman það helsta úr greinargerð Helga Áss.

Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar HR, segir í raun

eitt atriði standa upp úr fyrirvörum fyrri laganna, þegar kemur að greiðsluákvæði; greiðslutíminn. Hann telur litlar líkur að komi til þess að taka þurfi afstöðu til meðferðar eftirstöðva eftir árið 2024. Mikið þurfi að gerast til að lánið verði ekki að fullu greitt þá. Hann segir það að mörgu leyti vafamál hvað í raun sé verið að setja í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Björg Thorarensen, deildarforseti lagadeildar HÍ, segir lagalega fyrirvara fyrri laganna vera viðtæka, þeir hafi verið mjög afdráttarlaus skilyrði ríkisábyrgðar. Samningunum hafi verið breytt, en hluti fyrirvaranna hafi komið fram í viðaukasamningum og hluti í lögnum sem forsetinn neitaði að undirrita.

kolbeinn@frettabladid.is



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

BÓKARANÁM FRAMHALD

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

Helstu námsgreinar:

- » Söluakerfi - 18 stundir
- » Launakerfi - 24 stundir
- » Fyrningar - 12 stundir
- » Lán - 18 stundir
- » Skattskil - 24 stundir
- » Afstemmingar og lokafærslur - 18 stundir
- » Gerð ársreikninga - 30 stundir
- » Lokaverkefni - 24 stundir

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði

168 stundir - Verð: 198.000.-

Kvöldnámskeið 8. feb. - 17. maí.
Morgunnámskeið 8. feb. - 17. maí.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI



Á ALÞINGI Tvö frumvörp liggja fyrir þinginu um fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu. Að mati forsætisráðherra kemur til greina að smíða einfaldara frumvarp sem færi hratt í gegnum þingið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ekki endilega stuðst við stjórnarfrumvarpið:

Óvíst hvaða reglum verður kosið eftir

Fyrir Alþingi liggja tvö frumvörp um fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu, eitt stjórnarfrumvarp og annað þingmannafrumvarp. Allsendis er þó óvíst að við annaðhvort þeirra verði stuðst við fyrirkomulag þessarar atkvæðagreiðslu.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið að hægt væri að fara aðrar leiðir en að byggja á stjórnarfrumvarpinu. „Það væri hægt að smíða einfaldara frumvarp sem

gengi hraðar í gegnum þingið og svo er líka möguleiki á að byggja atkvæðagreiðsluna á reglugerð. Við skoðum hvernig þetta verður fljótast og best gert.“

Málið var rætt á þingflokki Vinstri grænna í gær, en engin ákvörðun tekin.

Alþingi hefur ekki enn verið kallað saman, að sögn Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þingforseta. Hún segir það hins vegar taka skamman tíma þegar til kemur.

- kóp, bps

Grannt fylgst með utanlands: Neitunin vekur víða furðu

Allir helstu fjölmiðlar heims skýrðu frá því á vefsíðum sínum í gær að forseti Íslands hefði ákveðið að vísa Icesave-lögunum til þjóðaratkvæðis. „Ísland neitar að borga bankaskuld“, segir í fyrir-sögn danska dagblaðsins Politiken og þýska tímaritið Spiegel talar um bakslag í málinu.

Víða er vitnað í danska sérfræðinginn Lars Christensen hjá Danske Bank, sem sendi frá sér yfirlýsingu í gær: „Þetta mun stefna í alvarlega hættu samningi Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og getur því dýpkað enn frekar hina alvarlegu efnahags- og fjármálakreppu á Íslandi,“ segir hann.

Á vefsíðum þýska tímaritsins Spiegel er Hans van Baalen, þingmaður á Evrópuþinginu, sem segir ótækt að hleypa Íslandi inn í Evrópusambandið ef íslenska þjóðin hafnar Icesave-lögunum.

Í hollenskum fjölmiðlum er einnig rætt við þingmanninn Frans Weekers, sem segist hafa fengið nóg af Íslendingum: „Þetta land er ekki traustsins vert. Við erum nógu góð fyrir þau þegar þau þurfa peninga en ekki þegar kemur að endurgreiðslu.“

- gb



STRÍÐIÐ VIÐ ÍSLAND Bloggarinn Iain Martin á Wall Street Journal veitir því fyrir sér hvort Gordon Brown ætli að gera innrás.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Skráðu þig í tölvunám Starfsnám sem gefur forskot

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og um 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 24 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.

Microsoft
CERTIFIED
Partner

PEARSON
VUE
NATIONAL CENTER
FOR TESTING

PROMETRIC
Testing Centre

Veldu starfsnám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:



Almennt tölvunám

Morgun-, síðdegis- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



Almennt tölvunám II

Morgunnám

Einstakt framhaldsnámskeið fyrir þá sem þegar hafa góða þekkingu á Office forritunum og vilja bæta verulega við þekkingu sína á Windows, Word, Excel og Outlook og bæta við sig þekkingu á Photoshop Elements mynd- og ljósmyndavinnslu.

Verð: 94.900 Stundir/einingar: 68/3



Hagnýtt bókhaldsnám

Morgun- eða kvöldnám

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



Hagnýtt bókhaldsnám II

Morgun- eða kvöldnám

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun

Síðdegisnám eða fjarnám

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfangar og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 180/9



Stjórnun tölvumála

Morgunnám

Frábært nám fyrir almenna stjórnendur sem vilja öðlast meiri yfirsýn um rekstur tölvu- og upplýsingakerfa, auka rekstraröryggi og reka hagkvæmara upplýsingakerfi. Námið byggir á fyrirlestur og hagnýtum verkefnum og er í umsjón Halldórs Kristjánssonar verkfræðings.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2



Hagnýtt verkefnastjórnun

Morgunnám

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tökum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Undirstaða nútíma-verkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2



Tölvu- og bókhaldsnám

Morgun- eða kvöldnám

Einstakt nám þar sem þú færð góðan undirbúning fyrir starf á skrifstofu eða í eigin rekstri. Námsgreinar: Upplýsingatækni, fingrasetning, Word, Excel, PowerPoint, Outlook, Internetið, bókhald, tölvubókhald og verslunarreikningur. Viðurkennd evrópsk próf, ECDL, innifalín.

Verð: 189.900 Stundir/einingar: 260/13



Vefhönnun og margmiðlun

Síðdegisnám

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5



Vefsíðugerð - grunnur

Dag- eða síðdegisnám

Bókaðu þig núna á skemmtilegt nám um vefsíðugerð og lærðu grunnatriði vefsíðugerðar með DreamWeaver og Photoshop. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér og bæta við sig öðrum áföngum til að dýpka þekkinguna á vefsíðugerð.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 54/2



Visual C# .NET forritun

Kvöldnám eða fjarnám

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirgripsmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. ASP vefforritun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforritun.

Verð: 159.900 Stundir/einingar: 94/4

Þetta er aðeins brot af þeim námskeiðum sem eru í boði hjá okkur!

Skoðuðu nánar á www.tv.is

Einka- og hópkenndsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hóp á sérnámskeið.

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélag styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis **simabjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnuálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar**.

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000
- eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is



Forseti Íslands synjar staðfestingu Icesave-laga



BJÖRG THORARENSEN Segir málskotsréttinn illa útfærðan í stjórnarskránni.

Forseti lagadeildar HÍ:

Óvissa og tóm í stjórnarskránni

„Forsetinn þarf ekki að rökstyðja ákvörðun sína þótt hann vilji gera það til að réttlæta niðurstöðuna,“ segir Björg Thorarensen, prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands. Hún segir rökstuðninginn hafa litla þýðingu.

Aðalatriðið segir Björg vera málskotsheimild forseta í stjórnarskrá og segir merkilegt að stjórn-málamenn skuli ekki, eftir ákvörðun forseta árið 2004, þegar hann synjaði fjölmiðlalögum staðfestingar, hafa tekið málið upp og búið til farveg fyrir þjóðaratkvæðagreiðslur. Þá hafi berlega komið í ljós hversu margir óvissuþættir væru tengdir málskotsákvæði stjórnarskrárinnar.

„Á meðan við búum ekki betur um hnútana sjálf þá er það ávísun á ágreining,“ segir Björg og bendir á að nágrannahjóðir okkar hafi flestar búið til skýra umgjörð um þjóðaratkvæði. „Þar eru til að mynda skýrar reglur um hvaða mál fara ekki í þjóðaratkvæði og sum fara alltaf í þjóðaratkvæði, svo sem breytingar á stjórnarskrá. Ég þekki ekkert dæmi þess að mál á borð við þetta, lög um ríkisábyrgð á láni sem er partur af fjárstjórnarvaldi þingsins, færi í þjóðaratkvæðagreiðslu.“

Hér segir Björg málskotsréttinn svo illa útfærðan, að eins væri hægt að vísa fjárlögum ríkisins til þjóðarinnar. „Menn kjósa fremur algjöra óvissu og tóm 26. greinar stjórnarskrárinnar. Ég tel óheppilegt að fela forseta lýðveldisins óhefta ákvörðun um að þjóðaratkvæðagreiðsla fari fram um lög.“

- óká

Ríkisstjórnin ræddi afsögn eftir synjun

Ráðherrar ræddu hreinskilnislega um að stjórnin færi frá í kjölfar synjunar forsetans. Úr varð að starfa áfram. Fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslu er óljóst. Ólíkar áherslur þingmanna VG gætu orðið vandamál í aðdraganda hennar.

Reglubundinn ríkisstjórnarfundur var í stjórnarráðinu í gær þegar blaðamannafundur forsetans hófst á Bessastöðum. Hlé var gert og hlýtt á forsetann en sex mínútur yfir ellefu bærust ráðherrum bréf frá forsetanum um að hann ætlaði að synja frumvarpinu staðfestingar. Í kjölfarið ræddu ráðherrar það af mikilli alvöru hvort rétt væri að stjórnin færi frá. Ákveðið var að sitja áfram.

Þingflokkar stjórnarflokkanna funduðu í gær. Á fundi Samfylkingarinnar var ákveðið að halda samstarfinu til streitu og undirbúa þjóðaratkvæðagreiðslu. Stjórnarslit voru þó rædd, án þess að slík tillaga væri borin upp. Talið var að slík afstaða væri ekki ábyrg. Þingmenn lýstu yfir sárum vonbrigðum, undrun og reiði yfir ákvörðun forsetans, með henni væri efnahagsáætlun stjórnarinnar hleypt í uppnám.

Þingmenn Vinstri grænna luku ekki umræðum um málið á sínum þingflokksfundum en fram kom vilji til áframhaldandi stjórnarsamstarfs. Rætt var um fyrirkomulag þjóðaratkvæðagreiðslunnar og viðbrögð að utan. Þá var stefnt á að funda aftur í dag.

Óljóst er hvort og hvernig ríkisstjórnin mun beita sér í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Hvort hún mun reka harða kosningabaráttu eða láta lítið fyrir sér fara. Innan VG eru bæði sjónarmið uppi og töldu þingmenn sem Fréttablaðið ræddi við þetta geta orðið erfitt fyrir flokkinn sem þegar er lemstraður eftir Icesave-málið.

Sem kunnugt er sagði Ögmundur



KOMIÐ AF FUNDI Ráðherrar voru misíbyggir þegar þeir komu af fundi í gær. Samstaða var á þingflokksfundum um að halda stjórnarsamstarfinu áfram og setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu. Mismunandi skoðanir Vinstri grænna gætu orðið stjórinni erfiður ljár í þúfu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ur Jónasson af sér ráðherraembætti vegna þess og hann auk Lilju Mósesdóttur greiddi atkvæði gegn því. Efasemdir Ásmundar Einars Dáðasonar og Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur eru kunnar. Sú afstaða hefur farið misvel í samflokksmenn þeirra, ekki síst atkvæðagreiðsla um frumvarpið.

Þar greiddu Ögmundur og Lilja atkvæði gegn breytingartillögu Péturs Blöndal um þjóðaratkvæði

og frumvarpinu í heild sinni, en með breytingartillögu Höskuldar Þórhallssonar. Ásmundur og Guðfríður kusu þveröfugt, með þjóðaratkvæði og frumvarpi, en gegn Icesave.

Að teknu tilliti til þess að flokksformaðurinn Steingrímur J. Sigfússon er flutningsmaður Icesave-málsins er ljóst að flokkurinn mun illa ganga sameinaður til aðgerða.

kolbeinn@frettabladid.is
bjorn@frettabladid.is

FAGNA ÁKVÖRÐUN FORSETANS

Með ákvörðun sinni um að vísa nýjum Icesave-lögum í dóm þjóðarinnar hefur forseti Íslands greitt götu lýðræðisumbóta á Íslandi og sett fordæmi um hvernig þjóðin sjálf geti kallað eftir atkvæðagreiðslu um tiltekin mál, að mati þingmanna Hreyfingarinnar.

Í yfirlýsingu frá Hreyfingunni segir að mikilvægt sé að Alþingi samþykki sem fyrst frumvarp um þjóðaratkvæðagreiðslur. Gerlegt væri að sameina tvö frumvörp sem nú liggja fyrir Alþingi, og afgreiða hratt, en annað þeirra var lagt fram af þingmönnum Hreyfingarinnar.

- bj

MJÖG SÁTTUR VIÐ ÁKVÖRÐUNINA

„Ég er náttúrulega mjög sáttur við þessa ákvörðun,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, um ákvörðun forsetans í gær og kváð fram komið tækifæri til að láta málið sameina þjóðina. Hann kveðst hins vegar hafa orðið fyrir vonbrigðum með blaðamannafund ríkisstjórnarinnar í hádeginu í gær. „Mér fannst þau bara vera í töluverðri fýlu og gagnrýna forsetann ansi hart.“

Um leið leggur hann áherslu á að kynna erlendis að alltaf hafi staðið til að standa við allar lagalegar skuldbindingar þjóðarinnar.

- óká



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON

PURFTUM EKKI MEIRI ÓVISSU

„Það er fyrst og fremst óvissa sem af þessu hlýst. Bæði á það við um vettvang stjórnmalanna en ekki síður fer áætlunin um endurreisn efnahagslífsins í biðstöðu,“

segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ.

Gylfi telur að óháð niðurstöðu forsetans eigi baráttan við atvinnuleysið og greiðsluvandi heimilanna að vera aðalviðfangsefni stjórnvalda. Hann segir það sérstakt áhyggjuefni að aðgangur þjóðarinnar að lánamörkuðum þyngist. „Fari lánshæfi ríkissjóðs í ruslflokk mun það kosta gríðarlegar upphæðir sem verða ekki sóttar nema með enn meiri niðurskurði. Ég þori varla að hugsa þá hugsun til enda.“

- shá



GYLFI ARNBJÖRNSSON

LÍKUR MINNKA Á HAGVEXTI Í ÁR

„Lykillinn að endurreisninni er að Ísland hafi aðgang að fjármálamörkuðum. Með þessu er óvissa um aðgang ríkisins að lánsfé sem og opinberra fyrirtækja sem hafa verið að leita eftir fyrirgreiðslu. Svo snertir þetta bankana sem þurfa erlent lánsfé til að endurlána inn í atvinnulífið,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA. „Þessi ákvörðun tefur fyrir og skapar óþarfa óvissu.“

Vilhjálmur setur spurningarmerki við að hagvöxtur náist á þessu ári, í ljósi ákvörðunar forsetans. „Eftir því sem óvissan varir lengur þá minnka líkurnar á því að við komumst upp úr kreppunni á þessu ári.“

- shá



VILHJÁLMMUR EGILSSON

**ÚTSALAN ER HAFIN!
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR**

OPÍÐ:
MÍÐ-FÖS 11-18
LAU 11-17
SUN 13-17

BIRNA

Skólavörðustígur 2
101 Reykjavík
S. 445 2020
www.birna.net

Fit • Pilates

SLÉTTUR MAGI - STINNUR RASS

Næstu 6 vikna námskeið
hefst 11. og 12. janúar
Þú getur valið um 2 eða 3 tíma í viku.

SKRÁNING
ER HAFIN!

SPORTHÚSIÐ

2 TÍMAR Í VIKU

Fit Pilates
Þri + fim kl: 19.30
Verð: 18.900 kr.

Fit Pilates Power
Þri + fim kl: 20.30
Verð: 18.900 kr.

3 TÍMAR Í VIKU

Fit Pilates
mán + mið + fös kl: 16.30
Verð: 21.900 kr.

Fit Pilates Power
mán + mið + fös kl: 17.30
Verð: 21.900 kr.

Kennarar:

Hildur, Guðmundur Óskar og Sigríður Erla.
Skráning og fyrirspurnir í síma 564-4050
eða gunnhildur@sporthusid.is



Landsins mesta úrval
hóptíma er í Sporthúsinu.
Sjá nánar á www.sporthusid.is

Dansskóli Birnu Björns
og Sporthúsið kynna

DANSNÁMSKEIÐ

JAN 10

JAZZ - HIPHOP - STREET - BROADWAY - HOUSE - LOCKING -
MODERN - MICHAEL JACKSON OG GREASE DANSAR

Upplifðu alvöru
dansstemningu
með atvinnu-
danskennurunum,
danhöfundum og
margföldum
Íslandsmeisturum.



SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • 201 KÓPAVOGI • S. 564 4050

Eftirfarandi 14 vikna
námskeið eru í boði og
kosta aðeins 24.900 kr

NÝTT

**Michael Jackson
dansar, street,
hip hop og break
fyrir stráka**

10 vikur
kennt 1 x í viku
föstudagar kl: 16.30
(hefst 15. jan)
Verð: 11.900 kr.

Dans 30 ára +

8 vikur
Kennt 1 x í viku
miðvikudagar kl: 20.30
(hefst 13. jan)
Verð: 8.900 kr.

Skráning og fyrirspurnir
í síma 564-4050 eða
gunnhildur@sporthusid.is

6-8 ára byrjendur

Þri + fim kl: 15.30 (hefst 12. jan)

9-11 ára byrjendur

+ 1 árs reynsla
Þri + fim kl: 16.30 (hefst 12. jan)

9-11 ára framhald

+ 2 ára reynsla
Þri + fim kl: 15.30 (hefst 12. jan)

12-15 ára byrjendur

+ 1 árs reynsla
mán + mið kl: 18.30 (hefst 11. jan)

12-15 ára

+ 2-3 ára reynsla
Þri + fim kl: 17.30 (hefst 12. jan)

12-15 ára

+ 5 ára reynsla
Þri + fim kl: 16.30 (hefst 12. jan)

Dans fyrir 20 +

mán + mið kl: 19.30 (hefst 11. jan)



Á ÞÍN REKSTRAR- HUGMYND HEIMA Í HÖRPU?

EFNT ER TIL FORVALS Á VERSLUNAR- OG VEITINGAÞJÓNUSTU Í HÖRPU, TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚSINU Í REYKJAVÍK

Ago, dótturfélag Portusar, leitar að áhugasömum rekstraraðilum í húsið sem verður opnað vorið 2011. Við val á þeim verður styrkleiki vöru og þjónustu, þekking, reynsla, geta og nýbreytni lögð til grundvallar.

Forvalsgögn munu liggja frammi á skrifstofu Portusar, Austurstræti 17, 5. hæð, 101 Reykjavík frá og með föstudeginum 8. janúar.

Umsóknnum ásamt fylgiskjöllum skal skila á sama stað, eigi síðar en kl. 16:00, föstudaginn 29. janúar, merktum: Ago – viðskiptatækifæri: FORVAL.

Sérstök athygli er vakin á kynningarfundum sem verður haldinn á Grand Hótelu, fimmtudaginn 7. janúar kl. 15. Þar verða veittar nánari upplýsingar um forvalið og forvalsgögnum dreift.

Almennar upplýsingar á: www.portusgroup.is



Hlutfallslega fæst banaslys í umferðinni á Möltu:

Ísland í fimmta sæti

SAMGÖNGUR Hlutfallslega fæst banaslys urðu í umferðinni á Möltu samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir nýliðið ár. Banaslysirn voru 3,7 á hverja 100 þúsund íbúa á Möltu, en 5,4 á hverja 100 þúsund íbúa hér á landi.

Ísland er í fimmta sæti á lista yfir þau Evrópulönd þar sem hlutfallslega fæst banaslys urðu í umferðinni á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum frá Félaga íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB).

Alls létust sautján manns í umferðarslysum á nýliðnu ári, í fimmtán slysum, samkvæmt upplýsingum frá Umferðarstofu. Tólf hinna látnu voru ökumenn eða far-

þegar í bílum, tveir voru fótgangaandi, tveir á bifhjóli og einn féll af fjórhjóli.

Aðeins voru hlutfallslega færri banaslys í umferðinni á Möltu, Svíþjóð, Hollandi og Bretlandi á síðasta ári, en þau voru hlutfallslega jafn mörg á Írlandi og á Íslandi.

Banaslys virðast algengust í löndum Austur-Evrópu. Alls létust um það bil fjórtán á hverja 100 þúsund íbúa í Litháen, Póllandi, Rúmeníu, Búlgaríu, Lettlandi og á Grikklandi á síðasta ári, samkvæmt upplýsingum frá FÍB. Meðaltalið innan landa Evrópusambandsins voru 7,8 á hverja 100 þúsund íbúa.

- bj

Neytendasamtökin segja SMS-lán bera okurvexti:

Kvartað vegna lána

NEYTENDUR Nokkrar kvartanir hafa borist Neytendasamtökunum vegna svokallaðra SMS-lána sem hafa verið að ryðja sér til rúms hér á landi. Samtökin vilja að grip- ið verði til aðgerða gegn slíkum lánunum hér á landi til að koma í veg fyrir frekari framgang þeirra.

SMS-lánunum er einkum beint að ungu fólki. Fólk getur skráð sig á netinu og sent svo SMS-skeyti til að fá lán á bilinu 10 til 40 þúsund krónur. Greiða þarf lánin aftur innan fimmtán daga, og jafngilda vextirnir allt að 600 prósentu árs- vöxtum, að því er fram kemur í bréfi Neytendasamtakanna til Gylfa Magnússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra.

„Neytendasamtökunum hafa þegar borist nokkrar kvartanir vegna þessara lána og innheimtu þeirra, en í öllum tilvikum hefur verið um að ræða lántaka sem af einhverjum ástæðum minna mega



SKILABÖÐ Hægt er að fá allt að 40 þúsund króna lán með því að skrá sig á netinu og senda SMS.

sín í samfélaginu,“ segir í bréfinu.

Þar er bent á að svipuð lánastarfsemi hafi verið harðlega gagnrýnd í nágrannalöndunum, enda sé þeim einkum beint að ungu fólki sem hafi lítið milli handanna, auk þess sem vextirnir geti vart kallast annað en okurvextir.

- bj

EITT FJALL Á VIKU

ÁRAMÓTAHEIT OG NÝÁRSVERKEFNI FERÐAFÉLAGS ÍSLANDS



Ferðafélag Íslands stendur fyrir verkefninu „eitt fjall á viku“ en allt árið 2010 verður gengið á eitt fjall á viku eða alls 52 fjöll.

Fjöllin 52 eru bæði stór og smá allt frá Helgafelli, Úlfarsfelli og Grímarsfelli, yfir á Heklu, Snæfellsjökul og Hvannadalshnúk.

Þeir sem skrá sig í verkefnið ganga á öll fjöllin í verkefninu.

Undirbúningsfundur fyrir verkefnið verður haldinn fimmtudaginn 7. janúar kl. 20 í sal FÍ Mörkinni 6.



Fararstjóri í öllum ferðunum er Páll Guðmundsson framkvæmdastjóri FÍ.

SKRÁÐU ÞIG INN – DRÍFÐU ÞIG ÚTI



NÝTT
Fjarkennsla
í beinni

Allt að byrja...

Skrifstofuskólinn

Skrifstofunám

Viðamikil og hagnýtt nám í takt við þarfir markaðarins. Nám fyrir fólk á öllum aldri sem þarf að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með eftirsótttri menntun og færni. Að loknu námi á þessari braut eiga þátttakendur að vera færir um að vinna sjálfstætt við öll almenn skrifstofustörf sem öflugir tölvunotendur, ritarar og við bókhald. Kennend er ein námsgrein í senn sem lýkur með prófi (alþjóðleg próf) eða verkefni.

Tölvugreinar:

Windows, ritvinnsla í Word, Excel, PowerPoint, Outlook tölvupóstur, skipulag og dagbók. Stafrænar myndir og myndvinnsla.

Viðskiptagreinar:

Verslunarreikningur, VSK, bókhaldsgrunnur og tölvubókhald, tollskýrslugerð.

Persónuleg færni:

Tjáning og framkoma, atvinnuumsóknir, atvinnuviðtöl og ferilskrár. Verslunarbréf, íslensk og ensk. Sölugæmi og markaðsmál.

Hefst 3. feb. Morgun og kvöldhópar

Lengd: 260 std. (13 einingar) Verð kr. 199.000,-

Tölvu og bókhaldsnám

Sérlega gagnleg og hnitmiðuð námsbraut sem skilar strax árangri. Námsbrautin skiptist í tölvugreinar og viðskiptagreinar. Hægt er að taka þátt í fjarkennslu. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu.

Hefst 3. feb. morgun og kvöldhópar

Lengd: 200 std. (10 einingar) Verð kr. 153.000,-

Stök námskeið

Bókhald 1 Lengd 100 std. Verð kr. 109.000,- Hefst 10. mars

Bókhald 2 Lengd 90 std. Verð kr. 98.000,-

Navision – fjárhagsbókhald (Microsoft Dynamics NAV)

Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 14. apríl

Tollskýrslugerð Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

Vefur, grafík og myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag: Photoshop, Illustrator og InDesign. (CS4)

Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,- Hefst 2. feb.

Vefsíðugerð

Photoshop og Dreamweaver.

Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 27. jan.

Vefsíðugerð 2

Dreamweaver frh. og Flash

Lengd: 42 std Verð kr. 49.000,- Hefst 2. mars



Almenn tölvunámskeið

Tölvan og byrjandinn

Námskeið ætlað byrjendum á öllum aldri

Lengd 42 std. Verð kr. 39.000,- Hefst 2. feb. morgun og kvöldhópar

Almennt tölvunám

Windows – Word – Excel – Internet – Outlook

Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 3. feb. morgun og kvöldhópar

ECDL tölvunám

Windows – Word – Excel – PowerPoint – Internet og Outlook

Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,- Hefst 3. feb.

morgun og kvöldhópar

Fjarkennsla í beinni

NÝTT

Nemendur tengjast beint inn í kennslustofu heiman frá sér á einfaldan hátt.

Allt sem þarf er tölva og sæmileg nettenging, heyrnartól með hljóðnema og þú ert komin/n á námskeið sem fullgildur staðarnemi. Nemendur sjá og heyrja allt sem fram fer í kennslustofunni og geta tekið beinan þátt í umræðum og með fyrirspurnum sem svarað er strax.

Sl. önn vorum við með nemendum í „beinni“ á ýmsum námsbrautum m.a. frá Danmörku, Hellissandi, Ólafsvík, Bíldudal, Sauðárkróki, Dalvík, Akureyri, Árskógssandi, Vík, Vestmannaeyjum og Sandgerði. Sjá nánari upplýsingar og umsagnir nemenda á heimasíðu skólans www.isoft.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

TÖLVUSKÓLINN
isoft-þekking

Réttmæt og ósanngjörn gagnrýni:

Veðmál forsetans

JÓN KALDAL SKRIFAR

Forseti Íslands varð í gær við ósk þeirra sem vildu að hann vísaði til þjóðaratkvæðagreiðslu breytingum á lögum um ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum vegna Icesave-reikninga Landsbankans.

Forsetinn hefur mátt þola þunga gagnrýni vegna þessarar ákvörðunar. Að hluta réttmæta en um leið líka ósanngjarna.

Ábyrgðin á því að málið er komið í þennan farveg er alls ekki aðeins forsetans. Með því að vísa málinu til þjóðarinnar hefur hann brugðist við vilja tugþúsunda Íslendinga, sem skrifuðu nöfn sín á lista Indefence, og líka þeirra þrjátíu þingmanna sem greiddu atkvæði með tillögu Péturs Blöndals um að setja málið í þjóðaratkvæðagreiðslu, en sú tillaga var felld á Alþingi fyrir sléttum sjö dögum.

Gjörvallur þessi hópur ber ábyrgð með forsetanum á þeirri stöðu sem komin er upp í þeirri milliríkjadeilu sem Icesave-samningarnir áttu að leysa.

Sjálfur benti forsetinn á í viðtali fyrir tveimur árum að hann geti ekki einn ákveðið að breyta embættinu. „Það gerist í samskiptum og samleik við þjóðina; það er því vilji annarra en forsetans sem hefur úrslitaáhrif,“ sagði forsetinn við Mannlíf í árslok 2007.

Með ákvörðun um að beita 26. grein stjórnarskrárinnar í annað skipti á rúmum fimm árum, sýnir forsetinn að hann stendur við þessa sannfæringu sína.

Í yfirlýsingu sinni í gær vísaði forseti til þess að á lista Indefence sé mun hærra hlutfall kjósenda en rætt hefur verið um sem viðmið um þann fjölda sem þurfi til að knýja fram þjóðaratkvæði.

Þetta eru þung rök. Þegar mál koma upp sem kljúfa þjóðina er æskilegt að hún hafi sem mest um það að segja hvernig leiða eigi þau til lykta.

Í þessu tilfalli er málið hins vegar ekki svo einfalt. Þetta er ekki íslensk innansveitarkrónika ólíkt til dæmis fjölmiðlalögum á sínum tíma. Ef þjóðin hefði fengið að kjósa um þau sumarið 2004 og þeim verið hafnað, hefðu fjölmiðlalögin einfaldlega verið úr sögunni. Sama má segja ef Kárahnjúkavirkjun hefði fallið í þjóðaratkvæði, svo annað djúpstætt deilumál sé nefnt til sögunnar. Þá væri ekkert Hálslón á öræfunum austan Vatnajökuls og Jökla rynni áfram óheft um botn Dimmugljúfra.

Icesave mun hins vegar ekki hverfa ef breytingalögin verða felld. Þessir ógæfureikningar Landsbankans eru ekki aðeins vandamál okkar Íslendinga.

Er þar komið að hinni réttmætu gagnrýni á embættisfærslu forseta. Þjóðaratkvæðagreiðsla lokar ekki þessu máli á nokkurn hátt. Þvert á móti bendir flest til þess að ákvörðun forsetans muni hafa í för með sér upplausn og óvissu.

En fyrir forsetann persónulega er þetta hins vegar veðmál sem hann getur ekki tapað. Ef tekst að knýja fram betri Icesave-samninga en Alþingi hefur þegar samþykkt, mun það hressa verulega upp á laskaða ímynd hans. Ef ekki er það þjóðin sem þarf að takast á við efnahagslegar afleiðingar, sem enn óljós hluti hennar og tæpur helmingur alþingismanna hefur kallað yfir sig.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFELAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGAUFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Jón Kaldal jk@frettabladid.is ABSTODARITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 190.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efnit blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Tvöföld atkvæðagreiðsla?

Af fréttamannafundi Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar í gær mátti ráða að þau skötu hjú væru ... ja, óhress með ákvörðun forsetans að vísa Icesave-lögum í þjóðaratkvæði. Í þjóðaratkvæðagreiðslu gæti þeim aftur á móti gefist tækifæri til að launa forsetanum rauðan belg fyrir gráan, ef stemning er fyrir því. Í stjórnarskrá Íslands er nefnilega kveðið á um að ¾ hluti þingmanna geti farið fram á þjóðaratkvæðagreiðslu um að leysa forseta Íslands frá störfum.



Enn sameiningartákn

Líklega þyrfti ekki ýkja mikinn sannfæringarkraft til að afla þeirri hugmynd tilskilins fylgis á þingi. Þar með væri hægt að hafa þjóðaratkvæðagreiðsluna tvöfalda. Gera mátti því skóna að úrslitin í þeirri kosningu yrðu býsna afdráttarlaus. En, það gæti jafnvel komið sér vel fyrir forsetann og sýnt að hann væri enn þá sameiningartákn þrátt fyrir allt – þó á öðrum forsendum en alla jafnan er lagt í það orð.

Á tombóluverði

Ýmsir óttast að ákvörðun forsetans um að vísa Icesave-lögum í þjóðaratkvæði verði til þess að dýpka kreppuna enn frekar, með tilheyrandi gengisfalli og almennri dýrtíð. Hinir sömu geta þó huggað sig við það að ekki mun allt hækka. Í gær snarlækkaði Forlagið til dæmis verð á embættissögu Ólafs Ragnars Grimssonar, Sögu af forseta, úr 6.690 krónur í aðeins þúsundkall. Ekki fylgdi sögunni hvers vegna forsetabókin fór á tombóluverð einmitt í gær.

bergsteinn@frettabladid.is

Pandóra

Fyrr skömmu urðu Frakkar fyrir barðinu á snörpum jarðskjálfta sem átti upptök sín í Sviss og virðist ekkert lát á eftirhreytunum af honum. Er ég þá að sjálfsögðu að tala um þjóðaratkvæðagreiðsluna sem haldin var þar í landi um byggingar á minarettum við bænahús Múhamedstrúarmanna, en skýr meirihluti var því fylgjandi að banna þessa turna og leyfa sem sé ekki fleiri minarettur en þær fjórar sem þegar rísa í landi Vilhjálm Tell. Enginn hafði búist við því að svo færi, svissneskir ráðamenn komu af fjöllum, enda bætti það ekki úr skák að leiðtogar ríkja Múhamedstrúarmanna fóru strax að byrsta sig; utanríkisráðherra Tyrklands hvatti jafnvel lands sína til að taka út allt það fé sem þeir ættu í svissneskum bönkum. Þetta var martröð líkast og er það til dæmis um ráðaleysi svissneskra framámanna að einn þeirra sagði: „Það má ekki túlka þessa niðurstöðu svo að við séum á móti Íslandi, öhöhö Íslam ætlaði ég að segja.“

Fyrir franska ráðamenn kom þessi atkvæðagreiðsla sér afar illa. Í lok október hleypti Sarkozy af stokkunum miklum umræðum um hvað það væri að vera Fransmaður, hvað væri hið innsta sjálf þeirra; skyldu verða haldnir fundir um það efni í öllum sýslum landsins, svo og í hverfum stórborga og auk þess var sett upp netsíða svo hver og einn gæti komið skoðunum sínum á framfæri. Öllu átti svo að lykta með mikilli ráðstefnu í París í desember þar sem Sarkozy ætlaði sjálfur að mæta. Stór hluti landsmanna var þeirrar skoðunar, að með þessu vildi forsetinn sýna hvað hann léti sér annat um franskt þjóðerni og stela þannig glæpnum frá „Þjóðernisfylkingu“ hins illræmda Le Pen. Væri



EINAR MÁR JÓNSSON

Í DAG | réttum fötum

Þetta byrjunin á undirbúningnum undir bæjar- og sveitarstjórnarkosninga sem fram eiga að fara næsta vor. En hætt var við að þetta brambolt gæti orðið hinn versti línudans, því ekki mátti leita svo langt inn á veiðilönd Þjóðernisfylkingarinnar að hóf-samari hægrir mönnum færi að standa stuggur af því.

Þjóðaratkvæðagreiðslan í Sviss setti nú skyndilega strík í reikninginn; allir þeir Frakkar sem eru með Múhamedstrúarmenn á heilanum fengu nýjan byr í seglin og umræðurnar fóru æ meir að snúast um innflytjendur, „Araba“ og trúarofstæki meðal ýmissa fylgismanna spámansins og var öllu blandað saman í einn hræring, sem sé látið var að því liggja að þetta þrennt væri allt sami grautur í sömu skál. Gerð var skoðanakönnun sem leiddi í ljós að um fjórutíu af hundræði Frakka var andvígur – ekki minarettum heldur bænahúsum yfirleitt, og allir fordómar gamlir og nýir gusu upp. „Við verðum étnir,“ sagði bæjarstjóri nokkur þegar hann gekk út af fundinum í sinni sýslu, „það eru þegar komnar tíu miljónir sem fá borgað kaup fyrir að gera ekkert,“ og átti hann þá að sjálfsögðu við innflytjendur.

Við þetta mögnuðust einnig umræður um klæðaburð Múhamedstrúarkvenna. Fyrir nokkrum árum stóðu deilur um fáeinir

námsmeyjar sem vildu mæta í skóla með klúta á höfði, hina svokölluðu „íslömsku höfuðdúka“, sem komu á sinn hátt í staðinn fyrir andlitsblæjur. Út af þessu varð meiri háttar uppistand sem lyktaði með því að þessir klútar voru bannaðir á þeim forsendum að ekki mættu vera „trúarleg tákni“ í ríkisskólum. Og voru þeir þó sérlega fallegir og smekklegir, að mér fannst, og oft fagurlega útsaumaðir. En nú er annað á seyði og ekki skárta. Einstaka Múhamedstrúarkonur í Frakklandi hafa tekið upp þann sið að iklæðast því sem kallað er „búrka“, en það er svört blæja sem þekur allan líkamann frá hvirfli til ilja, þannig að ekki sést einu sinni í augu konunnar, hún lítur sem sé út eins og heysáta. Strax var talað um að þessa múnderungu þyrfti að banna með lögum, og var þá lögreglan gerð út af örkinni til að telja hve margar konu væru klæddar á þennan hátt. Samkvæmt „Le Monde“ reyndust þær vera þrjú hundruð sextíu og sjö í öllu Frakklandi, en enginn velti því þó fyrir sér hvort ekki væri eitthvað þarfara að gera á þessum viðsjáverðu tímum en kalla saman þing til að ræða klæðaburð þrjú hundruð sextíu og sjö kvenna.

Í grískri goðsögn segir frá því hvernig meynni Pandóra varð að að opna af forvitni öskju þar sem öll böll manna höfðu verið lokað niðri. Við það sluppu þau út um víðan völlum, öllu mannkyni til mikilla hörmunga æ síðan. Er nú hægt að velja því fyrir sér hvort menn hafi ekki opnað nýja Pandóru-öskju með því að hleypa þessum umræðum af stað. En af Sarkozy er það að segja, að hann heytist á því að mæta á þá ráðstefnu í París sem hann hafði sjálfur boðað, og sendi annan fyrir sig.

Krossfarar nútímans

UMRÆÐAN

Guðrún Sigríður Guðlaugsdóttir skrifar um þjóðfélagsmál

Átímum krossferðanna fóru allflestir með órólegt blóð í æðum suður í lönd og það var friður fyrir hina heima á meðan. En nú er öldin önnur. Krossferðirnar eru löngu liðnar en eftir stendur að í samfélögum er viss hópur fólks sem er sífellt í einskonar „krossferðum“. Logandi af áhuga, talar það á fundum fram á nætur og lætur til sín taka í hvers kyns uppákomum. Þannig eyðir „krossfaratýpan“ ævinni í ævintýri sem óhjákvæmilega hafa áhrif á líf þeirra sem í kring eru. Hinn ákaflyndi krossfari sést ekki fyrir – allir eiga að vera með. Hinir hörðustu hafa einkunnarorðin: Þeir sem ekki eru með mér eru á móti mér.

Það hefur verið gösentíð fyrir fólk af þessu tagi síðan bankahrunið varð. Jarðvegur fyrir endalaus fundi, tækifæri til að tala í gjallarhorn og



GUÐRÚN SIGRÍÐUR GUÐLAUGSDÓTTIR

verða mikilvægari dag frá degi, safna undirskriftum, fara í kröfugöngur, kveikja á blysum. Sumir lifa sig svo inn í rétttrúnaðarhlutverkið að fátt sýnist skorta utan brynjur og krossmark. Í kringum þessa tegund af fólki safnast svo aðrar manngerðir – þeir síónægðu, þeir sem vilja „snapa fætting“, áhrifagjarnar sálir, ævintýrafólk – og ekki má gleyma hinum alvörufefnu sem eilíflega reyna að bjarga heiminum.

Margt hefur gerst í sögunni fyrir tilverknað krossfara. En því miður er framsýni krossfaranna og áhangenda þeirra sjaldnast í sama hlutfalli og hreyfiafl þeirra. Ekki er að ofýrirsynju talað um að kapp sé best með forsjá.

Hættan við krossfaranna er að þeir vilja viðhalda óvissuástandi til að þjóna lund sinni – ekki eyða því. Þetta getur orðið háskalegt á viðsjárverðum tímum, ekki síst ef „krossfarar“ eru nýttir af kaldhömrudum og valdasjúkum mönnum til þess að þeir nái að svala metnaði sínum. Lífið er satt að segja slík alsherjar óvissuferð að varla er handstýrðum aðgerðum þar á bætandi.

Höfundur er rithöfundur og blaðamaður.

Tekur þú

lyf?

Þarft þú að nota lyf að staðaldri?

Stjórnvöld hafa gert verulegar breytingar á greiðsluþátttöku í lyfjakostnaði í algengum lyfjakostnaði. Kynntu þér rétt þinn á www.lfi.is, vef Lyfjafraeðingafélags Íslands og/eða fáðu ráðgjöf hjá læknum þínum eða í næsta apóteki.

Kynntu þér þinn rétt á lfi.is

Frumtök • Hjartaheill • Beinvernd • Lyfjafraeðingafélag Íslands



ROLEX



M

MICHELSSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 6. janúar 2010 - 1. tölublað - 6.



Veffang: visir.is - Sími: 512 5000

Gulleggið
Hugmyndakeppni frumkvöðlanna



Bestu fjárfestingarkostirnir
Ár skuldabréfsins í þröngu vali



Forkólfar viðskiptalífsins
Krefjandi ár og jákvæð merki



Með hæstu hlutdeild skuldabréfa

MP Banki var með hæstu markaðshlutdeild allra markaðsaðila í viðskiptum með skuldabréf í Kauphöll Íslands (NasdaqOMX) á síðasta ári, samkvæmt fréttatilkynningu frá bankanum. Hlutdeild MP Banka var 31,7 prósent og óx jafnt og þétt allt árið. Viðskipti með skuldabréf námu 98 prósentum af heildarviðskiptum í Kauphöll á árinu.

Í upphafi árs 2008 markaði MP Banki þá stefnu að leggja aukna áherslu á viðskipti með skuldabréf. Líklegt er að skuldabréfamarkaðurinn verði líflegur á árinu 2010, enda leita fjárfestar í auknum mæli að fjárfestingum þar sem áhætta er takmörkuð en ávöxtun viðunandi.

Meðaldagur 393 milljarðar

Meðalviðskipti með hlutabréf í Nasdaq OMX Nordic kauphallarinnar voru 393,4 milljarðar króna í fyrra samanborið við 446,7 milljarða árið áður. Fjöldi viðskipta á dag í fyrra voru 213.573 samanborið við 218.919 árið 2008.

Þá voru rúmlega 502 þúsund afleiðusamningar gerðir á hverjum degi í fyrra samanborið við 660.639 samninga árið á undan. Tólf ný fyrirtæki komu inn á markaðinn 2009, sjö inn á aðalmarkaðinn en fimm á First North-markaðinn. Í allt voru 26 fyrirtæki skráð á First North á liðnu ári.

HELST Í ÚTLÖNDUM

Verðbólga í lágmarki

Verðbólga á evrusvæðinu var 0,9 prósent í desember en var 0,5 prósent í nóvember. Verðbólga á svæðinu hefur ekki mælst meiri síðan í febrúar í fyrra, þegar hún fór í 1,2 prósent en er þó vel innan við tveggja prósentu verðbólgu markmið evrópska Seðlabankans.



Airbus hótar

Airbus vill meira fé úr ríkissjóðum Evrópulanda til framleiðslu herflutningavélarinnar A400M. Annars gæti svo farið að hætt verði við framleiðsluna. Framleiðslan er þremur árum á eftir tímaáætlun og komin langt yfir fjárhagsáætlun.

Olíuverð á uppleið

Olíuverð er nú nærri helmingi hærra en í byrjun síðasta árs, eða rúmlega 80 dalir tunnan. Reiknað er með að verðið hækki áfram yfir hörðustu vetrarmánuðina, en lágt gengi dollars á sinn þátt í því hve verðið er hátt.

Hagræðingur á flótta

Stjórnvöld í Maryland í Bandaríkjunum hafa gefið út handtökuskipan á hendur fyrrverandi hagfræðingi hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Mohau Mathibe. Hann hefur verið ákærður fyrir að hafa reynt að myrða fyrrverandi yfirmann sinn hjá sjóðnum, Ashoka Mody, sem vildi ekki endurnýja ráðningarsamning hans. Mathibe er talinn hafa flúið til Kína.

Krónan hefur lítil áhrif á vöruskipti

Sérfræðingur hjá Íslandsbanka segir alþjóðlegu kreppuna vega þyngra í samdrætti á innflutningi en lágt gengi krónu.


Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Krónan hefur ekki jafn mikil áhrif á vöruskipti við útlönd og af er látið. Þetta er mat Jóns Bjarka Bentssonar, sérfræðings hjá Greiningu Íslandsbanka. Matið er á skjön við yfirlýsingar ráðamanna að lágt gengi krónunnar geti bætt viðskiptajöfnuð okkar við útlönd og keyrt landið hraðar upp úr kreppunni en ef annar gjaldmiðill væri notaður hér.

Jón hefur skoðað samanburð á milliríkjaviðskiptum hér og í öðrum löndum sem kreppan hefur leikið grátt. Vöruinnflutningur hér dróst saman um rúm 34 prósent á fyrstu tíu mánuðum síðasta árs miðað við árið á undan. Þetta er í grófum dráttum sambærilegt við þróun mála á Írlandi og í Lettlandi á sama tíma. Írar hafa notað evrur frá 2002 en Lettar verið með fasttengdan gjaldmiðil frá 2005. Milliríkjaviðskipti landanna eru að verulegu leyti við önnur lönd sem ýmist hafa tekið upp evrur sem gjaldmiðil.


„Bæði löndin hafa líkt og hér horft upp á á hraðan samdrátt í innflutning. Kreppan í alþjóðlegu hagkerfi á stóran þátt í þróun mála,“ segir Jón og bendir á að íbúar landanna þriggja flytji inn mikið af neysluvörum sem næmar eru fyrir sveiflum. Þegar bæði fjármálageirinn fari á hliðina og þegar heimilin haldi fastar en áður um budduna skili það sér í samdrætti. „Þegar menn hætta að fjárfesta þá dregst innflutningur hratt saman. Þótt við værum með aðra mynt eða fastgengi hefðum við samt fengið verulegan bata á vöruskiptajöfnuð,“ segir Jón en niðurstöðu sína á samburði hagkerfanna. Hins vegar séu ótvíráð jákvæð áhrif af lágu gengi krónu á þjónustu-

AFGANGUR AF VÖRUSKIPTUM VIÐ ÚTLÖND



jöfnuð, enda Ísland ódýr áfangastaður fyrir erlenda ferðamenn og að sama skapi dýrt fyrir Íslendinga að ferðast utan landsteinanna. Hagstofan birtir í dag bráðabirgdatölur sínar um vöruskipti við útlönd fyrir nóvember og heildartölur fyrir fyrstu ellefu mánuði ársins. Gangi væntingar eftir um nóvember mun afgangurinn nema sex milljörðum króna. Þetta er töluvert meira en ári fyrr. Greining Íslandsbanka bendir á að vöruskipti á fyrstu ellefu mánuðum síðasta árs geti numið 65,7 milljörðum króna en þau voru neikvæð um 30,7 milljarða á sama tíma í hittifyrri. Þessi viðsnúningur í milliríkjavæðslu landsins skýrist öðru fremur af samdrætti í innflutningi.

Jón segir viðsnúninginn merkilegan. Afgangur hafi ekki sést síðan á fyrstu árum aldarinnar þegar krónan féll í kjölfar fleytingar. Á sama tíma hafi áhættufælni ríkt á mörkuðum.



RÍKISVÍXLASJÓÐUR



Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

90% ríkisvixlar og ríkisskuldabréf **10%** innlán

- » Vixlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimild að fjárfesta allt að 10% í innlánum.
- » Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- » Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- » Lágmarkskaup 5.000 kr.
- » Enginn munur á kaup- og sölugengi.

STEFNIR.COM

Verðbréfabjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis. Kynntu þér Ríkisvixlasjóð hjá starfsfólki verðbréfabjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir



Ríkisvixlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskrifteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísibendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.a.m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskrifteinum hans, má finna í útboðslýsingu eða útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta tryggir innlán að lágmarki fjárhæð sem samsvarar EUR 20.887 skv. lögum nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingarkerfi fyrirfjárfesta. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 3. febrúar 2009 eru „innstæður í innlendum viðskiptabókum og sparissjóðum og útibúum þeirra hér á landi tryggðar að fullu“. Með yfirlýsingu frá 9. desember 2009 lýsti ríkisstjórnin því yfir að yfirlýsingin frá 3. febrúar 2009 væri enn í fullu gildi og að yfirlýsingin yrði ekki afnumin fyrir en hið nýja íslenska fjármálakerfi, með breyttri umgjörð, hefði sannað sig og þá yrði gefinn aðlögunartími. Tryggingarsjóðurinn tryggir ekki tjón sem verður vegna taps á undirliggjandi fjárfestingum sjóða s.s. skuldabréfum eða vixlum. Sjá nánar lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, og heimasíðu sjóðsins, www.tryggingarsjodur.is.

BANKABÓKIN

Samanburður á vaxtatöflum bankanna.	Hæstu innlánsvextir	Yfirdráttarvextir eru hæstir	Yfirdráttarlán fyrirtækja
Arion banki	Markaðsreikningur 4,80%	15,35%	15%
Landsbankinn	Sparireikningur 6,05%*	14%	14%
Íslandsbanki	Vaxtasproti 5,85%	14,25%	14%
SPARISJÓÐURINN	Netreikningur 6,30%**	16,20%	16,20%
MP BANKI	MP 12 7,65%*	14,50%	13 til 14,50%

Miðað við 250.000 króna innlegg. *Bundnir í 12 mánuði **Úttektargjald hjá gjaldkera - 0,25%

Fyrirtækin verða til á servíettum

Hugmyndasamkeppni Gulleggsins, sem frumkvöðlasetrið Innovit heldur í samstarfi við fjóra háskóla, er í fullum gangi en lokafrestur til að taka þátt í henni og skila inn viðskiptahugmyndum rennur út 20. janúar næstkomandi.

Keppnin hefur verið haldin í tvö ár. Í fyrra bárust 120 hugmyndir í keppnina og urðu fimmtíu að fullmótuðum viðskiptahugmyndum. Á meðal fyrirtækja sem litið hafa dagsins ljós úr henni eru sprotafyrirtækið Clara, Eff², sem þróar tækni og búnað til að greina myndefni sem dreift er ólöglega

um Netid, og fjármálafyrirtækið Meniga. Alls hafa tuttugu fyrirtæki og hundrað störf orðið til í tengslum við keppnina.

Ingibjörg Lilja Þórmundsdóttir, sem situr í verkefnastjórn Gulleggsins, segir keppnina opna fyrir alla. Nóg sé að skila grófri hugmynd á servíettu. „Það verður þó að vera hægt að segja frá henni á hálfri vélritaðri blaðsíðu.“ Eftir þetta tekur við sex vikna ferli þar sem aðstandendur Innovit aðstoða þátttakendur við að móta viðskiptaáætlunina frekar. Þá gefst þeim kostur á að sitja sex hagnýt námskeið í stofnun fyrirtækja. -jab



INGIBJÖRG Tuttugu fyrirtæki og hundrað störf hafa orðið til upp úr hugmyndasamkeppninni um Gulleggið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Nýr við stýrið hjá Hagfræðistofnun

„Þetta verður með hefðbundnu sniði, á móta og það hefur verið undanfarin ár,“ segir Sveinn Agnarsson hagfræðingur sem um áramótin tók við starfi forstöðumanns Hagfræðistofnunar háskólans af Gunnari Haraldssyni. Ekki var vatnið sótt langt yfir lækinn en Sveinn hefur unnið sem fræðimaður hjá stofnuninni í áratug.

Gunnar hafði verið forstöðumaður í slétt þrjú ár en hann tók við af Tryggva Þór Herbertssyni, nú alþingismanni. Gunnar hefur nú tekið við starfi hjá deild Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) í París í Frakklandi sem hefur rannsóknir á sjávarútvegsmálum aðildarríkja stofnunarinnar á sinni könnu. Hann var nýlentur París í vikubyrjun þegar Markaðurinn hafði tal af honum.

Gunnar er jafnframt formaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins



NÝR FORSTÖÐUMAÐUR Sveinn Agnarsson hefur unnið hjá Hagfræðistofnun í áratug. MARKAÐURINN/VILHELM

(FME). Hann hefur staðfest að hann muni hætta en hefur ekki gert það formlega. Eftirmaður hans hefur ekki verið skipaður, samkvæmt upplýsingum frá FME.

Sveinn hefur fengist við rannsóknir á auðlindum og framleiðni hér á landi en hann vann meðal annars fyrir auðlindaneft á samt Gunnari árið 2001. -jab

BRIC-sjóðirnir skiluðu mestu í fyrra

Íslenskir hlutabréfasjóðir versta fjárfestingin í fyrra.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Fjárfesting í nýmarkaðssjóðum hjá Arion banka skilaði hæstu nafnávöxtuninni á nýliðnu ári, eða tæpum 87 prósentum á tólf mánaða tímabili í fyrra. Nýmarkaðssjóðirnir fjárfesta í hlutabréfum í Brasilíu, Rússlandi, Indlandi og Chile. Meðaltalsávöxtun nýmarkaðssjóða bankanna nam um og yfir sjötíu prósentum í fyrra.

Á eftir fylgdu kaup á skuldabréfum með ríkisábyrgð og verðtryggðum íbúðabréfum en nafnávöxtun bæði langra og stuttra skuldabréflokka nam allt frá tólf og upp í tuttugu prósent í fyrra.

Á sama tíma þurftu þeir sem fjárfestu í sjóðum tengdum íslenskum hlutabréfum að horfa upp á nokkurra prósentu tap í fyrra. Á móti skiptir máli á hvaða tíma fólk keypti í sjóðum bankanna en hlutabréfavisitalan féll um 32 prósent frá jan-

BESTU OG VERSTU

Bestu	Nafnávöxtun sl. 12 mánuði
KMS BRIC (Arion banki)	87,7%
Kaupthing Green Growth (-)	82,1%
Kaupthing Scandinavian Fund (-)	80,0%
KMS Emerging Markets (-)	74,5%
KMS Emerging Markets (-)	74,5%

úar í fyrra og fram í mars en tók síðan sveig upp á við eftir það og hækkaði um fjórutíu prósent til áramóta.

„Það eru fáir kostir í boði í dag,“ segir Marteinn Breki Helgason, forstöðumaður eignastýringar hjá MP Banka. Hann segir líklegt að skuldabréfin verði helsti fjárfestingarkosturinn í ár. Misskilnings gæti hins vegar þegar skuldabréfin eru nefnd á nafn enda setji margir þau undir einn hatt. „Það getur verið mikill munur á þeim,“ segir hann.

NSA kaupir í Kerecis fyrir sjötíu milljónir

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) hefur keypt 35 prósent hlut í lækningavörufyrirtækinu Kerecis. Um er að ræða hlutafé og lán, sem breyta má í hlutafé. Virði samningsins nemur sjötíu milljónum króna.

Kerecis nýtir prótín úr fiski til framleiðslu á vörum sem nota má við meðhöndlun á sködduðum vef sjúklunga. Vörur Kerecis eru til notkunar á sjúkrahúsum.



FINNBOGI JÓNSSON

Fram kemur í tilkynningu Kerecis að fjárfestingin sé í nokkrum áföngum út árið og háð framgangi þróunarverkefna fyrirtækisins. Þá nýtist fjárfesting NSA til að hleypa af stokkunum klínískum prófunum á vörum.

NSA fjárfesti beint í fyrra fyrir 650 milljónir króna.

Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri segir stefnu NSA að halda í eignarhluti sína í fyrirtækjum í sjó til tíu ár. Komi upp aðstæður til að selja fyrr sé það gert. -jab

Vísaði gróusögum á bug um áramót

Saga Capital hefur ekki fellt niður skuldir starfsmanna sinna líkt og Kaupthing og þá hafa engir fjármunir farið frá ríkinu til Saga Capital. Þetta er meðal þess sem fram kemur í bréfi frá Þorvaldi Lúdvík Sigurjónssyni, forstjóra bankans, til hluthafa á gamlársdag.

Bréfið er, að sögn, skrifað þar sem borið hefur á misskilningi og meidandi umfjöllun um bankann sem nauðsynlegt sé að leiðrétta. Þar kemur fram að bankinn færði um 41 prósent útlána, jafnvirði 2,6 milljarða króna, á varúðarveitingu og þar af nemi varúðarveitingar vegna lána og ábyrgða starfsmanna 450 milljón-



ÞORVALDUR LÚDVÍK

um króna. Þessi mikla varúðarveitingar vegna sé gerð í ljósi ástandssins í þjóðfélaginu, engar skuldir, hvorki hjá starfsmönnum né öðrum, hafi verið felldar niður, lánin séu innheimt áfram og það verði gert þar til sannað þyki að viðkomandi sé kominn í þrot.

Þá vísaði Þorvaldur því á bug í bréfinu að fjármunir hafi farið frá ríki til fjárfestingarbankans. Í kjölfar hrunsins hafi skuldir fjármálaafyrirtækja við Seðlabank-

ann verið yfirteknar af ríkissjóði sem, til að tryggja endurgreiðslu, hafi boðið þeim fyrirtækjum sem stóðust mat á lánshæfi að semja um skuldir sínar á lágum vöxtum.

Ekkert nýtt lán var veitt, eingöngu var um skuldbreytingu að ræða, segir í bréfinu. Með samningnum hafi verið tryggt að engir fjármunir hafi farið frá ríki til Saga Capital né sé ríkissjóður í neinum ábyrgðum vegna innstæðna hjá bankanum. Standi fjárfestingarbankinn hins vegar ekki við skuldbindingar sínar eða fari eiginfjárlutfall undir ákveðin viðmið geti ríkið breytt skuldinni í hlutafé í Saga Capital. -jab



Hvaða lausnir henta þinni starfsemi?

Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum VALITOR um hvaða lausnir henta þér best.

Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar framúrskarandi og skjóta þjónustu.

VISA og Mastercard færsluhirðing!

Hafðu samband í síma
525 2080
og kynntu þér málið

VALITOR
-Traustur íslenskur þjónustuaðili

FYRIRTÆKJALOUSNIR VALITOR • Laugavegi 77 • 101 Reykjavík • fyrirt@valitor.is • www.valitor.is

**Bjóðum silfur, gull og platínu.
Því það eru ekki allir sammála
um hvaða málmur hentar best
í kreditkort.**

Bendt Harðarson, viðskiptastjóri



Varfærni, einfalt þjónustuframboð og örugg vinnubrögð skipta öllu máli fyrir fólk og fyrirtæki.

Þannig á banki að vera.

- Debetkort
- Launareikningur
- Kreditkort
- Netbanki
- Netgreiðsluþjónusta
- Gjaldeyrisreikningar
- Sparnaðarreikningar
- Yfirdráttur

Það er minna mál að skipta um banka en þú heldur.

Hafðu samband í síma 540 3200.



BANKI

Borgartúni 26 · www.mp.is

Erfitt ár uppbyggingar fram undan

Markaðurinn fékk nokkra forkólfa í viðskiptalífinu til að líta yfir nýliðið ár og rýna í ókomna mánuði. Þeir eru næsta einróma um að þótt árið verði krefjandi megi greina jákvæð merki. Hér fara greinar nokkurra þeirra sem til var leitað.

Gunnar Karl Guðmundsson, forstjóri MP Banka:

Mikilvægt að halda áfram

Þótt árið 2009 hafi verið viðburðaríkt og vonandi mörgum tekist að jafna sig eftir hrúnið í október 2008, verður þó að segjast að það hefur valdið nokkrum vonbrigðum og tími farið til spillis. Þegar litið er til baka má segja að flest þau mál sem kröfðust brýnna úrlausna séu enn óafgreidd og því miður er fátt sem bendir til þess að þau muni leysast í brád. Ýmislegt hefur samt áunnist og ef til vill má segja að full mikill- ar bjartsýni hafi gætt í upphafi ársins.

HÆGFARA ENDURREISN

Það sem upp úr stendur hlýtur að teljast nýtt eignarhald bankanna og afdrif þeirra fyrirtækja sem löskuðust við fall þeirra. Endurskipulagning fjármálageirans hefur tekið lengri tíma en vænst hafði verið og enn er margt óljóst um framtíðarskipan hans. Lítið fer fyrir hagræðingu sem er nauðsynleg vegna samdráttar í umfangi og kostnaður vegna rekstrar risabanka með kostnaðargrunn á heimsmælikvarða verður traudla borinn af veikburða innlendu atvinnulífi.

GJÖRGÆSLAN ÓPÖRF

Fyrirtækjum í gjörgæslu bankanna hefur vissulega fækkað og þau færð nauðug á legudeildir bankanna. Ekki verður séð hvenær þau verða útskrifuð enda virðist sem áherslur hafi verið lagðar á að fjölga rúmum frekar en að hjálpa sjúklingum að ná bata.

Staðreyndin er sú að fjöldi fyrirtækja og einstaklinga komst í gegnum hrún-

id og fjármunir þessara aðila liggja á hliðarlínunni og gætu verið að fjárfesta í atvinnulífinu ef þeir fengu tækifæri til þess. Þessir aðilar sem standa sterkir eftir eru best til þess fallnir að byggja upp aftur.

Það er mikill misskilningur að fyrirtækjum sé best borgið í umsjón bankanna. Forráðamenn þeirra tala jafnan um að ekki sé rétti tíminn til að selja þau þar sem verðmæti þeirra muni aukast þegar fram líða stundir. Vandamál- ið er að bankar eru afleitir eigendur fyrirtækja. Svo slæmir að þess er vandlega gætt að eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum séu veruleg takmörk sett með lögum. Þrátt fyrir það tregðast þessar stofnanir við að láta þessi félög af hendi til fjárfesta og rekstraraðila sem hafa bolmagn og áhuga á að koma að endurreisn þeirra.

STÖÐUGLEIKI MIKILVÆGUR

Úrlausn þessara mála er brýnni en flest annað, sérstaklega þegar það er haft í huga að verðmætasköpun í atvinnulífinu er alger forsenda þess að við munum ná að vinna okkur út úr þeim erfiðleikum sem að okkur steðja. Mörg þeirra fyrirtækja sem hafa náð að komast út úr þeim hamförum sem dundu yfir starfa nú af meiri þróttu en nokkru sinni og hagræðing frjálsra fyrirtækja í atvinnulífinu hefur almennt gengið ágætlega. Þess



vegna er atvinnuleysi minna en spáð var.

Mikill vöxtur hefur verið í einstökum greinum og má þar nefna ferðaþjónustu og aðrar greinar þar sem lágt gengi krónunnar hefur bætt samkeppnishæfni. Ánægjulegt er að sjá hvað íslensk hönnun hefur blómstrað og óhefðbundnar greinar eru sífellt að skila drýgri tekjum í þjóðar- búið. Ágæt skilyrði eru í sjávar- arútvegi þrátt fyrir mikla skuldsetningu og staða inn- lends iðnaðar er með betra móti. Þá hefur Seðlabankanum tekist að skapa stöðugleika á gjaldeyrismarkaði sem er jafnframt forsenda fyrir markvissri uppbyggingu. Þessu má ekki spilla með auknum álögum.

Aðlögunarhæfni okkar er mikil og því brýnt að losa um allar hindranir eins fljótt og auðið er til þess að blómlegt atvinnulíf risi hér á nýjan leik. Áframhaldandi ákvörðunar- fælni mun draga úr framleiðni og arðsemi sem mun leiða til frekari samdráttar þegar til lengri tíma er litið. Nýsköpun er nauðsynleg og nýta má reynslumikið og hæfileikaríkt fólk úr þeim greinum sem óhjákvæmilega dragast saman, einkageira sem þeim opinbera, til að koma að því verkefni. Sköpun starfa er ekki síður félagslega mikilvæg og störfell atvinnuleysi myndi skapa ný og jafnvel enn torleystari vandamál en þau sem við erum nú að glíma við.

ENGIN SANNGJÖRN LEIÐ Í BOÐI

Næsta ár verður erfitt og kannski erfiðara fyrir þær sakir að lítið hefur þokast á því ári sem senn er á enda, en efniviðurinn er til staðar og nú þarf að hefjast handa. Aðgerðir verða væntanlega sársaukafullar og eflaust mun mörgum finnast sem jafnræðis sé ekki gætt og óhugsandi er að stjórnvöld muni geta tekið allar ákvarðanir án þess að á einhverja verði hallað. Það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að leita þurfi til þeirra sem eru aflögufærir í því skyni að afla tekna fyrir samneysluna og að afskrifa þurfi kröfur á þau fyrirtæki á samkeppnis- markaði sem fóru ógætlega. Það er tæpast „sanngjarnt“ né „réttlátt“ að láta þá sem bjuggu sig undir kreppuna með ráðdeild, aðhaldi og sparnaði borga reikning hinna sem nutu veislunnar. Það eru bara ekki önnur úrræði í boði.

Af starfsemi MP Banka stendur það helst upp úr að bankinn hefur vaxið og dafnað á árinu með opnun útibús og almennrar viðskiptabankþjónustu fyrir fólk og fyrirtæki. Viðskiptavinum bankans fjölga dag frá degi og fyrirtæki leita í stöðugt auknum mæli eftir okkar þjónustu. Í byrjun næsta árs munum við flytja í stærra húsnæði í nýjum höfuðstöðvum í Ármúla 13a og þar verður einnig opnað útibú. Þó að umhverfið sé að mörgu leyti snúíð í bankarekstri í dag erum við hjá MP Banka full bjartsýni fyrir komandi ár.

Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri Símanis:

Sameiginlegt verkefni að vinna bug á kreppunni

Árið 2009 verður lengi í minnum haft á Íslandi. Rekstrarumhverfi fyrirtækja tók stakkaskiptum og stjórnendur og starfsfólk þurftu að takast á við nýjar áskoranir. Fyrir okkur hjá Símanum var þetta að mörgu leyti árangursríkt ár. Okkar áætlanir, líkt og flestra annarra, gerðu ráð fyrir því að gengið myndi styrkjast þegar liði á árið. Eins og allir vita varð sú ekki raunin. Við nutum góðs af því að hafa unnið að umfangsmiklum hagræðingaraðgerðum allt frá ársbyrjun 2008. Staðan á árinu 2009 kallaði á enn frekari hagræðingu. Með samheldni starfsfólks, tókst að laga rekstrarnum að breyttu umhverfi og við erum mjög stolt af því að rekstrarniðurstæða ársins er í takt við áætlanir okkar, þó svo að mikilvægar forsendur hafi gerbreyst.



ustan snýst um eitthvað allt annað en fjármálastarfsemi. Kreppan mun ekki hverfa af sjálfu sér, það er sameiginlegt verkefni okkar allra að vinna bug á henni. Þar hafa allir sitt hlutverk, fyrirtækin verða að búa við eðlilegt rekstrarumhverfi, einungis þannig tekst að halda atvinnu í landinu.

SÉRHÆFING

Á árinu hef ég hvatt starfsmenn til þess að leggja krafta sína í að gera það sem við sérhæfum okkur í. Ég trúir því að þannig munum við sigla í gegnum þetta öldurót. Eitt af stóru verkefnum Símanis á árinu var að kynna til sögunnar Ring, nýtt vörumerki Símanis á markaði. Með Ring viljum við gera enn betur í þjónustu við ungt fólk og koma til móts við þarfir fjölskyldna sem sjá hag sinn í að unglíngarnir og foreldrarnir séu innan sama kerfis, enda er viðskiptavinafjöldi Símanis í farsíma yfir 160 þúsund manns. Það er skemmt frá því að segja að fjöldi nýrra viðskypavina í Ring hefur farið fram úr okkar björtustu vonum.

TIL SÓLAR SÉST Á NÆSTA ÁRI

Það er afar mikilvægt að ríkisvaldið haldi vel á spöðunum og leggi áherslu á að standa vörð um rekstrargrundvöll fyrirtækja. Reynslan sýnir að auknar álögur á fyrirtæki koma oft fram hjá einstaklingum og heimilum. Hættan er sú að afleiðingarnar verði meðal annars frekari uppsagnir því fyrirtækin eru í mörgum tilfellum búin að skera af alla fitu, ef svo má að orði komast.

Ég er bjartsýnn að eðlisfari og frá bæjar- dyrum Símanis, tel ég að árið 2010 gæti orðið betra en yfirstandandi ár, gangi sóknarætlun okkar eftir. Almennt séð er hins vegar ekki raunhæft að ætla að það verði fyrr en á árinu 2011 sem við förum að sjá til sólar í íslensku efnahags- og atvinnulífi.

ÓJAFNVÆGI

Viðskiptaumhverfið á Íslandi er enn þá í miklu ójafnvægi. Fyrirtæki sem höfðu sum hver sýnt mikla óskynsemi í rekstri, urðu eign bankanna og umtalsverðar skuldir voru felldar niður. Þessi fyrirtæki halda áfram að keppa á markaði við fyrirtæki sem hafa verið rekin af skynsemi, standa skil á lánum og hafa gripið til erfiðra aðhaldsaðgerða til að mæta minnkandi eftirspurn og erfiðu árferði. Það er ákaflega varasamt, og í raun hættulegt fyrir samfélagið til lengri tíma lítið, að kollvarpa markaðnum með þeim hætti að þeim sé í raun umbunað sem ekki hafa staðið sig.

BANKAR REKA EKKI FYRIRTÆKI

Þrátt fyrir þessa stöðu er niðurstaðan sú að sterk fyrirtæki virðast standa storminn af sér. Hins vegar er nauðsynlegt að bankarnir vinni hratt og örugglega að því að selja þessi fyrirgreiðslufyrirtæki. Bankar eiga ekki að standa í rekstri fyrirtækja þar sem þjón-

Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, forstjóri Saga Capital:

Vinnusöm og heiðarleg þjóð

Árið 2009 hefur ein- kennst af viðbrögðum við þeim for- dæmislausu hamförum sem gengið hafa yfir og við erum vonandi að sjá fyrir endann á.



RÓTAÐ UPP ÚR RÚSTUNUM

Meginþorra ársins höfum við hjá Saga Capital verið upptekin af því að taka á afleiðingunum og róta okkur upp úr rústunum. Þar ber hæst víðtæka endurskipulagningu bankans sem lauk á dögunum og mun gera honum kleift að taka fullan þátt í endurreisninni á styrkum stoðum. Í kjölfarið höfum við minnkað efnahagsreikning bankans verulega en eiginfjárlutfallið stendur hátt, í riflega fjörutíu prósentum. Mér er einnig ofarlega í huga þakklæti til starfsfólks bankans sem hefur haldið ótrautt áfram við að sinna sínum störfum og farist það vel úr hendi við afar krefjandi aðstæður. Það hefur engan bilbug látið á sér finna enda trúum við því öll að framtíðin verði betri þótt yfir gangi tíma- bundin harðindi.

VIÐTÆKAR AFSKRIFTIR SKULDA

Þessi aðlögun og breytt landslag á Íslandi gerir afar ríkar kröfur til bankastofnana um að gæta hagsmuna þeirra sjálfra við að finna sem besta útfærslu á skuldavanda atvinnulífsins og heimilanna, því hagsmunir banka- stofnana og viðskiptamanna þeirra fara saman. Það þarf að fara í víðtækar skulda- afskriftir á fyrirtækin og heimilin í landinu. Til þess er svigrúm hjá stærri bönkunum. Það var ekki óráðsía heimila og atvinnulífs sem setti þau í núverandi vanda, heldur algert kerfishrun með verðbólgu og gengisfalli. Í raun má tala um víðtækan kerf- isbrest. Því þurfa bankastjórnendur að fá næði frá dómstóli götunnar til að halda sínu striki og vinna að því sem þeir eru ráðnir til. Við það hámarkast hagar allra.

BLÖNDUÐ LEIÐ ÓUMFLÝJANLEG

Fyrir framan okkur er skuldafjall sem

myndaðist við verðbóluskot og gengisfall en það er ekki í neinu samræmi við raunverulega endurgreiðslugetu landsmanna, ekki síst við minnkandi ráðstöfunartekjur og almenna kjaraskerðingu í gegnum skattahækkningar. Í raun óttast ég það mest að þungi skattahækkanna muni kerfisbinda hér verðbólgu og festa í sessi um ókomin ár. Ég efast um að þetta sé ákjósanlegasta leiðin, þótt auðvitað verði að draga tekjur í ríkiskassann, en niðurskurður og sparnaður í ríkisrekstrinum hefði kannski mátt veða þyngra í þeirri blönduðu leið sem því miður er óumflýjanleg.

LAUSNIN Í ÚTFLUTNINGI

Það mun að mestu hvíla á herðum útflutningsgreinanna að vinna þjóðina út úr núverandi vanda. Því tel ég mikilvægt að tryggja starfsumhverfi þeirra sem best og þar er brýnast að leggja á hilluna allar hugmyndir um fyrningu aflaheimilda og íþyngjandi skattaramma vegna skuldaaðlögunar sem þarf að fara fram. Það er torskið hvernig frekari álögur á yfirskuldsett atvinnulíf og forsendubrestur með fyrningarleið getur hjálpað til við það endurreisnarstarf. Aðeins með bættum rekstri og með meiri afkrasti getum við náð hagvexti. Við hvorki skattleggjum okkur til sóknar né umturnum tilverugrundvelli atvinnulífsins með róttækri þjóðvæðingu.

EKKI DRAGA ÚR VINNUSEMI

Þjóðin er blessunarlega vel gerð. Við erum vinnusöm og heiðarleg og þá kosti skyldum við nýta hvað best, en ekki gripa til aðgerða er letja þessa tvo þjóðarkosti og hvetja til minni vinnu og skattundanskota. Við erum jafnframt jafnaðarlega þenkjandi og teljum eðlilegra að breiðari bökin beri þyngru byrðar, en breiðustu bökin taka þó ekki við endalausum klyffjum. Á endanum bogna þau og minnka við sig vinnu, sem þá aftur mun minnka hagvöxt og draga kreppuna á langinn.



HUGARFAR hefur mikil áhrif á líðan námsmanna og árangur. Mikilvægt er að tileinka sér jákvætt hugarfar gagnvart námsgreinum, kennurum, skólanum og sjálfum sér. Námsgreinar geta verið fólki miserfiðar. Þá er gott að taka strax á vandanum og leita leiða til bætts árangurs en forðast hugsanir um að efnið sé óskiljanlegt.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Erum flutt í Valsheimilið að Hlíðarenda

20 ÁRA
1989-2009

Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Tjútt
Salsa
Break
Mambó
Hip-hop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa

Nýtt! Michael Jackson dansar
Börn – Unglingar – Fullorðnir

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

DANSSKÓLI
Jóns Péturs og Kóru
Dansfélag Reykjavíkur

Dansráð Íslands | Faglærðir danskennarar
Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553 6645 | fax 568 3545 | dans@dansskoli.is



Lúðvík Kalmar segist hafa mætt miklum almennilegheitum á Ítalíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Óendanlegir grænir dalir

Lúðvík Kalmar Víðisson, teiknari hjá CCP, fór í mánaðarlangt ferðalag um Ítalíu fyrir tveimur árum ásamt vinum sínum. Þeir eyddu meðal annars viku í Toskaníu í góðu yfirlæti hjá býflugnabóndahjónum.

„Þetta var ótrúlega skemmtileg ferð og ég sé ekki eftir að hafa tekið mér hana á hendur. Það getur verið mjög skemmtilegt að stinga niður fæti þar sem ferðamannaíðnaðurinn er lítið áberandi og ég mæli sérstaklega með því,“ segir Lúðvík Kalmar Víðisson sem starfar sem teiknari, eða senior concept artist upp á engilsaxnesku, hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP. Lúðvík ferðaðist um stóran hluta Ítalíu ásamt þremur vinum sínum sumarið 2007, og tók ferðalagið alls um fjórar vikur.

Hópurinn ferðaðist um á bíla-leigubíl allan tímann, og segir Lúðvík þá ákvörðun hafa gefið ferðinni meiri ævintýrablae en ella. „Við hófum ferðina rétt norðan við Napólí og enduðum í Toskaníu-héraði, þannig að við fórum ansi langt á þessum mánuði. Við fórum eftir nokkuð grófri áætlun, sem gerði ráð fyrir að við værum komin á

ákveðna staði fyrir ákveðinn tíma og svo framvegis, en að öðru leyti var þetta nokkuð laust í reipunum. Ef við kunnum vel við okkur á einhverjum stað þá áttum við til að flengjast þar.“

Í Toskaníu tók hópurinn hús á leigu hjá hjónum sem ráku býflugnabú, og segir Lúðvík þá viku sem eytt var þar hafa verið einn af hápunktum ferðalagsins. „Við leituðum einfaldlega að upplýsingum á netinu og fundum þar þetta frábæra hús með myndum af hjónunum og umhverfinu. Þau töluðu reyndar litla sem enga ensku, eins og víðar þar sem við komum í ferðinni, en samskiptin björguðust þó með barnalegum handabendingum og slíku. Þetta var alveg frábær vika og fegurðin í kringum okkur mikil. Þar sem við slökuðum á í sundlauginni horfðum við yfir að því er virtist óendanlega græna dali,“ segir Lúðvík.

Hann segist hafa mætt miklum almennilegheitum í samskiptum sínum við íbúa þeirra mörgu litlu þorpa sem heimsótt voru. „Ég man til dæmis eftir lítilli kjörbúð sem við fórum nokkrum sinnum í, en þar var okkur varla hleypt inn fyrr en starfsfólkið hafði gengið úr skugga um að við hefðum fengið glas af heimabrugguðu rauðvíni til að dreypa á meðan við versluðum. Svo var stöðugt fyllt á glasið, og auðvitað endaði það með því að við keyptum af þeim smá brugg,“ segir Lúðvík og hlær.

Lúðvík mælir eindregið með því að fólk leiti sér upplýsinga á netinu áður en haldið er í slíkt ferðalag. „Þar er endalaust af upplýsingum og hægur leikur að uppgötva frábæra staði sem maður hefði líklega aldrei kynnst annars,“ segir Lúðvík Kalmar.

kjartan@frettabladid.is

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

20-15% AFSLÁTTUR af fólkubíla og jeppadekkjum

-15% AFSLÁTTUR af vinnu við smur

Bjóðum einnig upp á:

- Bón og þvottur
- Djúphreinsun
- Teflon
- Rúðuþurkur
- Rafgeymar
- Perur/peruskípti
- Bremsuklossaskípti.

BÍLKÓ Þjónustumiðstöð bílsins

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110



PRÓFKVÍÐI er algengur. Áhrifaríkasta leiðin til að draga úr kvíða fyrir próf en að vinna vel yfir veturinn. Ekkert er líklegra til að skapa spennu fyrir próf en að vita að maður er illa undirbúinn.

La Villa

Gistiheimili í Kaupmannahöfn
Herbergi og studioíbúðir
í miðbænum
sími 0045-2848 8905

Söngskólinn í Reykjavík

Snorrabraut 54, 105 Reykjavík
Sími 552 7366, www.songskolinn.is

SÖNGLEIKJADEILD

- inntökupróf fara fram 8. jan. 2010

Fyrir nemendur á framhaldsskólaaldri

Vorönn skiptist í tvö átta vikna námskeið – áhersla á þjálfun þrjúþættra hæfileika söngleikja-listamanna:
SÖNG * DANS * LEIKLIST

Vorönn lýkur með tónleikum og sýningu.

SÖNGNÁM

Einnig verða inntökupróf í örfá skólaláss sem losna í unglingsdeild og almennri söngdeild.

SÖNGNÁMSKEIÐ

11. janúar hefst einnig 7 vikna söngnámskeið fyrir áhugafólk á öllum aldri – þar er kennt utan venjulegs vinnutíma og ekki krafist inntökuprófa.



Eirný mun ljúka upp ýmsum leyndardómum í sambandi við osta og þróun þeirra á námskeiðunum í Búrinu í Nóatúni 17.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hver ostur á sína sögu

Eirný Sigurðardóttir, verslunarstjóri í Búrinu, efnir til nýrra námskeiða á næstunni sem hún nefnir **Ostaást og Ostaáratta**. Þar miðlar hún fróðleik og bragðprufum af forvitnilegum ostum og fylgifæði.

„Hver ostur á sér sína sögu og það er saga sem mörgum þykir skemmtileg,“ segir Eirný sem sjálf er haldin ostaást og veit allt um þróun ostamennningar í mismunandi löndum. Hún tekur fram að námskeiðin sem fyrirhuguð eru snúist ekki um ostagerð heldur um að þekkja þá osta sem til eru og fræðast um bakgrunn þeirra. „Grunnnámskeiðið hjá okkur snýst ekki bara um erlenda osta heldur um osta yfirleitt,“ tekur hún fram.

„Þetta er eins og með vínin. Um leið og maður lærir um mismuninn á þrúgunum þá vill maður vita hvað hefur áhrif á endanlegu útkomuna. Það sama gildir um ostana. Hver er munurinn á kúa-, kinda- og geitaosti? Af hverju er Ítalía með svona mikið af hörðum ostum? og af hverju elska Danir Gamle Ole?“

Eirný opnaði verslunina Búrið fyrir rúmu ári en áður hafði hún rekið Ostabúðina á Bitruhálsi í eitt ár. Upphaflega ætlaði hún að sérhæfa sig í sölu á enskum ostum og er með úrval af þeim þó að áherslurnar hafi breyst á ýmsan hátt eftir efnahagshrunið. „Ensk ostagerð er jafngömul þeirri frönsku,“ útskýrir hún. „Þetta eru tvær sterkustu þjóðirnar í heimi þegar kemur að ostum.“

Eirný segir alla osta heimsins geta fallið í fimm flokka og ef fólk læri að þekkja þá, þá einfaldi það valið úr ostaborðunum.

Það eru fimm tegundir námskeiða sem í boði eru á vegum Búrsins. „Hugsunin er að við verðum með 4-5 kvöldstundir í hverjum mánuði í versluninni frá hálf átta til níu eða korter yfir níu,“ segir

Eirný sem mun fara í grunninn á ostagerðinni í fyrstu tímum. Síðar verður farið í flóknari hluti, svo sem dýpra í sögu hversrar tegundar og bragðað verður á einstökum býlisostum.

Einnig mun Eirný verða með kvöld þar sem hún parar saman osta og bjór og osta og vín og upplýsir nokkur lykilráð í sambandi við ostabakka til að slá í gegn í veislunni. Þá er fyrirhugað námskeið austur á Hellu og Eirný vonar að það sé bara byrjunin á hennar útrás á landsbyggðina. Á hverju kvöldi verður boðið upp á léttar ostamáltíðir. „Í lok námskeiðanna vita þátttakendur hvað þeim finnst best þá stundina,“ segir hún. „Jafnvel líka hvað þá langar að prófa meira í framtíðinni.“

gun@frettabladid.is

Píanóskóli Þorsteins Gauta

Innritun stendur yfir fyrir vorönn

Allir velkomnir. Byrjendur sem og lengra komnir
Munið frístundakortið!



pianoskolinn.is

Ármúli 38 - S: 5516751 og 6916980 - pianoskolinn@pianoskolinn.is

Tungumála námskeið

Tungumál

10 vikna námskeið
20 kennslustundir
Áhersla á talmál
Kennt er í byrjenda -framhalds- og talæfingaflokkum
ENSKA
DANSKA
NORSKA
SÆNSKA
FRANSKA
ÍTALSKA
SPÆNSKA
ÞÝSKA

Íslenska

fyrir útlendinga I - IV
10 vikna námskeið
60 kennslustundir

Icelandic for foreigners I - IV

10 weeks courses
60 class hours

Kurs języka Islandzkiego dla obcokrajowcow I - IV

Kurs 10-tygodniowy
60 godzin lekcyjnych

Verklegar greinar

Bókband
Frístundarmálun
Glerbrennsla
Silfursmíði
Skrautritun
Trésmíði
Útskurður

Kökur og konfekt

Kransakaka - bökuð
Konfektgerð
Kökuskreytingar

Saumanámskeið

Crazy quilt
Fatasaumur /
Barnafatasaumur
Skrautsaumur
Baldering
Skattering
Þjóðbúningur - saumaður

Prjónanámskeið

Grunnnámskeið í að prjóna
Peysuprjón

Hekli

Grunnnámskeið í að hekla

Tölvunámskeið

Fingrasetning
Tölvugrunnur
Netið og samskipti
Heimasíðugerð
PowerPoint og Publisher

Garðyrkjunámskeið

Garðurinn allt árið
Trjáklippingar
Trjárækt í sumarþustaðalandinu

Förðunarnámskeið

Förðunarnámskeið
Að farða sig og aðra

Matreiðslunámskeið

Gómsættir bauna – pasta –
og grænmetisréttir
Gómsættir hollir suðrænir réttir frá Miðjarðarhafslöndunum
Hráfæði
Ítölsk matargerð
Matarmiklar súpur og heimabakað brauð
Matargerð fyrir karlmenn

Innritun og upplýsingar: <http://kvoldskoli.kopavogur.is>

eða á skrifstofu Kvöldskólans í Snælandsskóla við Furugrund í síma 564 1507

Mikil fjölgun erlendra skiptinema í háskólum

Erlendum skiptinimum í þremur stærstu háskólum landsins hefur fjölgað mikið frá falli krónunnar. Í Háskólanum í Reykjavík hefur orðið helmingsfjölgun en einnig hefur orðið mikil fjölgun í HÍ og HA.

„Erlendum skiptinimum hefur fjölgað um helming eftir kreppu,“ segir Margrét Jónsdóttir, forstöðumaður alþjóðasviðs Háskólans í Reykjavík. „Ísland er núna vænlegur kostur fyrir þá sem vilja vera í Evrópu en finnst Evrópa vera dýr,“ útskýrir hún en HR tekur í janúar á móti sextíu erlendum skiptinimum og í ágúst komu um hundrað til landsins. „Þannig eru um hundrað skiptinemar sem stunda nám við HR á hverju misseri,“ segir Margrét og bendir á að fyrir þremur árum hafi skiptinemar verið eitthvað í kringum þrjátíu talsins. Þá eru einnig nýjar þjóðir að bætast í hópinn. „Við erum nú að fá fyrstu skiptinimana frá Kóreu og Hong Kong en flestir skiptinemar koma frá Evrópu og stærsti hópurinn frá Frakklandi,“ segir hún og bætir við að stór hluti erlendra nemenda framlengi dvöl sína þar sem þeim líki viðmót og kennsla hér á landi.



Ísland býkir álitlegur kostur fyrir skiptinema sem vilja nema í háskólum í Evrópu. Skiptir þar mestu lágt gengi krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Háskólinn í Reykjavík hefur haft þá stefnu að fjölga erlendum nemendum við skólann en einnig lagt áherslu á að senda sína nemendur út. „Frá okkur fara yfir hundrað Íslendingar til skóla um allan heim á þessu ári,“ segir Margrét og jatar að auðvitað sé það nemendum erfiðara núna eftir gengishrunið. „En þeir láta það ekki stoppa sig eins mikið og ég hefði haldið. Reyndar minnkaði ásóknin í skiptinám á vörmisseri 2009 en hefur fjölgað aftur síðan.“

Fjöldi erlendra skiptinema er mestur í Háskóla Íslands. 394 erlendir skiptinemar fengu inn-

göngu í HÍ skólaárið 2009-2010 en ekki er að fullu ljóst hve margir mæta í skiptinámið. Skólaárið 2008 til 2009 voru erlendir skiptinemar 374 sem voru fimmtíu fleiri en skólaárið á undan. Árið þar á undan, skólaárið 2006 til 2007 voru erlendir nemar 352. Erlendum skiptinimum við Háskóla Íslands hefur fjölgað jafnt og þétt yfir árin. Til dæmis má nefna að árið 1992-1993 voru erlendir skiptinemar við skólann aðeins 23 og skólaárið 2000-2001 voru þeir 172. Á

síðustu tíu árum hefur erlendum skiptinimum sumsé fjölgað um rúm tvö hundruð prósent.

Fjöldi erlendra skiptinema við Háskólann á Akureyri hefur aukist nokkuð miðað við tvö síðustu ár. Árið 2009 voru erlendir skiptinemar 48 talsins en 36 árið 2008 og 37 árið 2007. Hins vegar voru erlendir nemar 45 árið 2006. Á vorönn 2010 verða 27 nemendur við nám í skólanum sem er talsvert meira en á vorönnnum síðustu ára.

solveig@frettabladid.is

Eirberg

Einnota latex hanskar – óþúðraðir. **Góð kaup!**

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

(((HEYRN)))

Ertu að fara á mis við hljóð sem skipta miklu máli?

- * Tal fólks í margmenni
- * Hjal smábarns
- * Marr í snjónum

GRÍPTU TIL ÞINNA RÁÐA

Láttu sérmenntaðan heyrnarfræðing mæla heyrnina og fáðu faglega ráðgjöf.

ReSound
rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur www.heyrn.is
Tímamantanir 534 9600

SKYNDI-HJÁLPARMAÐUR

Rauði kross Íslands auglýsir eftir **ábendingum um einstakling** sem hefur á árinu 2009 bjargað mannlífi með réttum viðbrögðum í skyndihjálp.

ÁRSINS 2009

Ábendingar skulu berast Rauða krossi Íslands fyrir **15. janúar**. Viðurkenningar verða veittar þann 11. febrúar. Nánari upplýsingar um tilnefningar og hvernig staðið er að valinu má finna á www.raudikrossinn.is

Rauði kross Íslands
www.raudikrossinn.is

STORKURINN
MEÐA EN GABRVERSLUN

NÁMSKEIÐ Í PRJÓNI, HEKLI OG BÚTASAUMI

LAUGAVEGI 59, 2. HÆÐ | 101 REYKJAVÍK | Sími 551 8258
STORKURINN@STORKURINN.IS | WWW.STORKURINN.IS

ALLT MATUR

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



Bilamarkaðurinn
DODGE STRATUS ES 1998 Raðnúmer: 212038 - ekin 145þkm verð 390 þkr. Bilamarkaðurinn Smiðjuvegi 46e-Gul gata Kópavogi s: 567-1800. Það er gott að kaupa bíl í Kópavogi. www.bbv.is



Cadillac Eldorado 1983, ekin 85þm. Gott eintak. Lækkað verð. Tilboð 990 þkr. Er á staðnum. Bilamarkaðurinn Smiðjuvegi 46e-Gul gata Kópavogi s: 567-1800. Það er gott að kaupa bíl í Kópavogi. www.bbv.is

Bilamarkaðurinn
Smiðjuvegi 46E, Kópavogi
Sími: 567 1800

Bíla og vagnasalan.is



MMC PAJERO GLS 33". Árgærd 2002, ekin 112 þkm, BENSÍN, Sjálfskiptur. flottur bíll. Tilbúinn í veturinn er á staðnum. Kíktu í kaffi.

Bíla og vagnasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 5272424
<http://www.bilaogvagnasalan.is>



HÖFÐABÍLAR



DODGE RAM 3500 5.9 cummings, er með löngum palli, Árg. 2004 ek. 67 þ.mílur, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 3.990þ áhvl.1.200þ afb.30þ Rnr.129007 Skráðu bílinn þinn frítt á höfðabílar.is eða kíktu í kaffi.



HÖFÐABÍLAR



CHEVROLET SILVERADO Z71 1500. Árg 2005, ekin 95 þkm, Tvöfalt púst, satinmattar álfelgur, k&n Sían , ný dekk Nýupptekin sjálfskiptng, nýtt í bremsum. Verð 2.990. þús. 100% lánamöguleiki ef þarf Rnr.127772 Skráðu bílinn þinn frítt á höfðabílar.is eða kíktu í kaffi.

Höfðabílar
Fossháls 27, 110 Reykjavík
Sími: 577 4747
www.hofdabilar.is

HÖFÐAHÖLLIN



NISSAN PATROL GR Árgærd 2000. Ekin 204 þkm Verð kr. 1.890.000

Höfðahöllin
Norðurhella 8, 221 Hafnarfjörður
Sími: 567 4840
Vantar bíla á skrá og á staðinn.
www.hofdahollin.is


Bílar til sölu



MMC Galant árg.'91 Skoðaður í Toppstandi. Verð 160 þús. Sími 899 5492



VW Caddy árg. '99 ek. 120þ. nýsk. og ný tímaréim. Ásett verð 350þ. Uppl. í s. 694 2341.



Nissa Terrano '95. Ek. 189þús. Ný tímaréim, nýsk., heilsársd. V. 250 þús. Ssk. Uppl. í s. 697 3297.

0-250 þús.



Opel Corsa 1,2l. árg. '00 ek. 115þ. Vetra og sumardekk. V. 165 þús. S. 846 4329.



Til sölu Nissan Terrano 2 '96 ek. 230 þús. sk. '10 Staddur á Akureyri. V. 200 þús. S. 663 1189 & 566 7317. Á sama stað óskast keyptar hvaltennur.

250-499 þús.



Opel Vectra 1.6 bensín árg. '99 ek. 106þkm. Ssk. Tilboð. S. 616 2597.

Ford Fiesta 1,3 vél. Árg. '00, 4 dyra, beinsk. V. 350 þús. S. 661 3654.

Bílar óskast

Vantar ódýrann
Vantar bíl á verðbilinu 20-200 þús. allar tegundir koma til greina. Má þarfnast lagf. S. 857 9326.

Bílar óskast jeppar fólksbílar sendibílar ljótir sætir ónytir kaupi bíla sem þarfnast lagfæringa til uppgærdar eða í parta skoða allt. Verð 20-200 þús. 770 6400.

ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!

Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jepping, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

Óska eftir bílum sem þarfnast viðgerðar. Sérlega Peugeot 306, Nissan og Mercedes. S. 893 5517.

Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablasarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutabjónusta. Stilling sími: 520 8000.

Vörubílar

Forþjoppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eignum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

Kerrur



2ja Hestakerra til sölu 350þ. Öll ný yfirfarin, eins og ný. Uppl. s. 897 0513

Vinnuvélar



Diesel Rafstöð / Neyðarrafstöð 250 KVA, 200 kW Perkins í gám til sölu. Sími: 617 8770.

Varahlutir

www.netpartar.is
Bílapartasala
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opíð virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrís.

Partahúsið - S. 555 6666

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, 130. Honda Jazz, CRV. Toyota Avenis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugeot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrís. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

partabílar.is 770-6400

Er að rífa Swift 05-09, Grand Vítara '05 Yaris '05 BMW 525 dísel '02 Honda Civic '97 Renault Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugeot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cherokee 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

VW, Skoda, Audi. S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrís. Bílabúid, Suðurhella 10, Hfj.

ÞJÓNUSTA

Veislusalir

Þorrablót fyrir minni og stærri hópa, hagstætt verð s. 696 2242.

Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Tek að mér heimilis þrif er ábyrg og vandvirk S: 615 3544.

A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verð. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.

Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

Vöruflutningar

Flutningar...
Og alhliða sendibílaþjónusta S. 892 6363 og á www.vefsida.is/skutlari.

Húsaviðhald



Smíðum eftir máli
Gluggar • Fög • Útihurðir
Svalahurðir • Bálskúrshurðir
Sérhæfð trésmiðja!
Hurðir & gluggar
Kaplahaun 17 • Hafnarfjörður
Sími: 565 4123 • Fax 565 4129
eljo@internet.is
www.hurdiroggluggar.is

VIÐHÁLD

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir
• málningarvinnu • trésmiðavinnu • pipulagnir • raflagnir
• flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu.
• Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

KEYPT & SELT

Óskast keypt

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2 leiki og vinyl hljómpötur. Uppl. í s. 698 8629.

Kaupi frimerki, umslög, póstkort og seðla. Fyrir 1960. Uppl. í síma 691 7794.

Lekur þakið ?

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

KRS. Múrverktakar

Stofnað 1987. Flísalagnir, flotun, sprunguviðgerðir, arinhleðslur. Vönduð vinna. S. 899 4254.

Stíflupjónusta

Stíflulosun Rörmyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Rörmyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Tölvur

Tölvuviðgerðir, vírusahreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. féлага ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir frá Kr. 3900

Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamál. Nánar á www.midnet.is Opíð 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Spádómar

Kærleiks-ljósið
Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla
VISA 566 7311 EURO

Dulspækisíminn 908-6414

Símaspá og draumaráðningar. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

661 3839 - Símaspá

Tímamantanir frá kl. 16.00. Allá daga.
Spásíminn 908 5666. Stjórnumspá. Tarot. Ársspá. Draumaráðningar, ást og peningur. Andleg hjálp. Trúnaður.

-Símaspá - Einkatímar

Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elsbabet.

Kaupi gull !

Ég Magnús Steinþórsson gullsmiðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgrip í af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leiði til fagmanns. Upplýsingar á demantar.is

í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13, Verið velkomin

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til sölu



GSM Þjófavarnir með myndavél

Eignum aðeins eftir 7 stk af seinni sendingu. Í sumarbústaði, á heimili og fyrirtæki. Innifalið gasskynjari, hurðaskynjari, hreyfiskynjarar og 2 fjarstýringar. Sendir viðvörðun og myndir í GSM síma og tölvu. Einnig getur þú fylgst með því sem er að gerast. Verð áður 69.000.- Verð nú 49.000.-



Þjófavarnirnar komnar aftur!

Nú einnig hægt að fá með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörðin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eignum alla aukahluti. Verð 23.900.- Nú á 19.900 án/reyksskynjara.

Mótorsport ehf

Síðumúla 34, 108 Reykjavík
Sími: 567 1040
Öll viðgerðarþjónusta á staðnum
www.motorogsport.is



Dömur

Takið glaðar á móti vetrinum í pels frá Jakob. Sími 421 1661.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar:

Ekki gera ekki neitt

Upphafi ársins 2009 voru miklar vonir bundnar við það að fljótt og örugglega yrði unnið úr þeim aðkallandi verkefnum sem lágu fyrir eftir efnahagshrunið haustið 2008.

ÞJÓÐARHAGSMUNIR OFAR SÉR-HAGSMUNUM

Mikil þörf var á að stjórnálmámennt, atvinnulíf og þjóðin öll sameinuðust um þau brýnu úrlausnarefni sem nauðsyn var að leysa. Þannig hafa þjóðir heimsins oft gert eftir til dæmis náttúruhamfarir eða styrjaldir. Þjóðarhagsmunir eru settir ofar hagsmunum stjórnálmáflakka og einstaklinga.

Það eru því mikil vonbrigði að sjá hversu lítið hefur miðað í endurreisn efnahagslífsins á árinu sem er að líða og hversu ósamstiga stjórnálmámennt hafa verið við uppbyggingarstarfið. Slæmt er að sjá hvernig skoðanir einstaka stjórnálmámennt til erfðra úrlausnarefna hafa gjörbreyst eftir því hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu.

VERST AÐ GERA EKKI NEITT

Uppbyggingin hefur einnig táfist vegna almennrar ákvarðanatökufælni. Megináhersla hefur verið lögð á að gera réttu hlutina og mikil hræðsla virðist vera við að gera mistök. Sú ranghugmynd hefur löngum verið við lýði að auðvelt sé að forðast mistök með því einfaldlega að gera ekki neitt. Fjölmiðlar og almenningsálitið hafa refsað stjórnvöldum og einstaklingum grimmilega fyrir allt sem orkar tvímælis, en á sama tíma hefur aðgerðaleyfi verið umborið. Þessu verður að breyta, þjóðin þarf styrka og hraða ákvarðanatöku þar sem störf manna eru metin út frá hverju þeir áorka á grundvelli þeirrar sýnar sem þeir hafa á lausn vandans en einstaka mistök skulu umborin. Á gjóðir það sama og við uppbyggingu eftir náttúruhamfarir eða styrjaldir, að gera ekki neitt er yfirleitt versta ákvörðunin fyrir heildina. Hér er sérstaklega mikilvægt að fjölmiðlar breyti nálgun sinni.

RAUNHAGKERFIÐ STERKT

Þó að hrunið á Íslandi hafi verið mikið áfall og hafi haft sérlega slæm áhrif á skuldastöðu þjóðarþúsins er mikilvægt að hafa það í huga að hrunið hefur enn sem komið er einskorðast við eins konar pappírshagkerfi. Raunhagkerfið sem stendur undir lífskjörum í landinu og byggir á framleiðslu og útflutningi hefur enn ekki skadast. Við eigum enn allar okkar mikilvægu auðlindir sem eru undirstöður útflutningsgreinanna, mannaúðin, fiskinn, orkuna og íslenska náttúru. Á sama tíma hefur samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækjanna styrkst verulega með veikingu krónunnar og bættum aðgangi að hæfu starfsfólki.

Möguleikar á að stórefla útflutningsgreinarnar eru því miklir, sérstaklega í ljósi þess að síðasta áratug hefur verið mjög illa búið að útflutningsfyrirtækjum og þeim nánast verið ýtt úr landi. Gengi íslensku krónunnar var um árabil skráð allt of hátt og erfið samkeppni var við bankana um hæft starfsfólk.

ENN SÖMU VERKEFNIN

Brýnustu verkefni fyrir íslenskt atvinnulíf um þessi áramót eru því miður enn þau sömu og voru um síðustu áramót.

■ Nauðsynlegt er að losa um

gjaldeyrishöftin og koma á virkum gjaldeyrismarkaði því að öðrum kosti geta öflug alþjóðleg fyrirtæki ekki starfað hér á landi.

■ Skapa þarf aðgengi að erlendu fjármagni til endurfjármögnunar á eldri lánnum fyrirtækja, til nýframkvæmda og í formi hlutafjár.

■ Vextir þurfa að vera samþæfilegir og í Evrópu til þess að sporna gegn þeim samdrætti sem er í hagkerfinu.

■ Koma þarf á fót skilvirku bankakerfi sem styður markvisst við bæði fyrirtæki og einstaklinga.

VERÐUM AÐ AXLA ÁBYRGÐ

Eftir efnahagshrunið haustið 2008 hafa umtalsverðar skuldir lent á þjóðinni en þrátt fyrir það erum við ekki skuldsettari en margar nágrannaþjóðir okkar. Það er enginn vafi í mínum huga að við höfum fulla burði til þess að standa undir öllum okkar

skuldum með öflugum útflutningi og tryggja á sama tíma að lífskjör á Íslandi verði fljótlega með því besta sem þekkist. Afar mikilvægt er að við sem þjóð öxlum okkar ábyrgð gagnvart þeim skuldbindingum sem alþjóðasamfélagið telur undantekningarlaust að við berum. Við komum okkur í þessa stöðu og við þurfum sjálf að vinna okkur út úr henni.

Ég óska lesendum Fréttablaðsins gæfu og gleði á nýju ári.



SPORT 2
enski boltinn

TOPPSLAGUR

Í ENSKA BOLTANUM Í JANÚAR

ARSENAL - MAN. UTD.

BARCLAYS PREMIER LEAGUE

Fly Emirates

SPÆNSKI BOLTINN
Barcelona - Villarreal
Deportivo - Real Madrid

NBA
Besti körfubolti í heimi

UNDANÚRSLIT Í ENSKA DEILDARBIKARNUM
Blackburn - Aston Villa
Man. City - Man. Utd.

PGA MÓTARÖÐIN HEFST

ENSKI BIKARINN
Öll stærstu liðin
Liverpool, Chelsea, Arsenal

DAD ER ÖDYRARA
AÐ HORFA Á SPÓRTIÐ HEIMA

SPORT
besta sætið

Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair:

Lega landsins mikilvæg í ferðaþjónustu

Starfsemi Icelandair á árinu 2009 hefur í öllum aðalatriðum gengið vel, og að í heild sé árið sömu-leiðis nokkuð gott þegar litið er til ferðaþjónustu um landið allt. Það gengur auðvitað ekki allt upp alls staðar, en heilt yfir hefur gengið framur vonum, ekki síst þegar tekið er tillit til þess hvernig almennt árar í íslensku atvinnu- og viðskiptalífi.

Pennan árangur má að nokkru þakka þeirri miklu uppstokkun sem gerð var hjá Icelandair á árinu 2008, en þá var dregið verulega saman í rekstri félagsins og komið á margvíslegum hagræðingaraðgerðum. Við hrun bankanna undir lok 2008 gjörbreyttust allar rekstrar- og markaðsaðstæður, en þá komu glögg í ljós styrkleikar félagsins.

LEGA LANDSINS NÝTT

Icelandair byggir á þeirri viðskiptahugmynd að nýta Ísland, landið sjálft og legu þess í Norður-Atlantshafi á flugleiðinni milli Evrópu og Norður-Ameríku til þess að byggja upp leiðakerfi sem tengir saman þrjá ólíka markaði – ferðamannamarkaðinn til Íslands, ferðir Íslendinga til útlanda og flug milli meginlandanna með Keflavíkurflugvöll sem skiptivöll. Með þessum hætti hefur tekist að byggja upp mikla tíðni og miklu meiri flugþjónustu en íslenski heimamarkaðurinn með um 300 þúsund manns getur staðið undir.

Þessi viðskiptahugmynd, og framkvæmd hennar, hefur svo sannarlega sýnt styrk sinn frá hruni bankanna, á meðan markaðurinn út úr Íslandi hefur

minnkað þá hefur bæði ferðamannamarkaðurinn til Íslands og markaðurinn milli Evrópu og Norður-Ameríku aukist og gert okkur kleift að skila góðri rekstrarafkomu á árinu 2009.

HAGKVÆMASTI STAÐURINN

Gengi gjaldmiðla bauð upp á tækifæri til þess að auka sölu til Íslands með arðbærum hætti og á það hefur verið lögð höfundáhersla á árinu. Árangurinn af því mikla átaki hefur verið mjög góður og við höfum séð verulega fjölgun ferðamanna til landsins í okkar flugi, eða 10 prósentu aukningu milli ára.



UPP Á NÝ

Eftir snarpan niðurskurð ætlum við að vaxa á ný. Á árinu gripum við tækifærið þegar SAS hætti Seattle-flugi og í sumar hóf Icelandair reglulegt heilsárs áætlunarflug þangað. Við höfum jafnframt horft til Noregs og erum að byggja upp flug til borganna sem eru í hvað mestri nálægð við okkur, Stavanger, Bergen og Prándheim, og Brussel bætist við næsta sumar.

Við stefnum á um 10 prósentu aukningu í starfsemi á árinu 2010 og verðum með tólf þotur í rekstri næsta sumar þegar mest verður. Við teljum aðstæður bjóða upp á tækifæri til vaxtar og ætlum

okkur að fjölga ferðamönnum Icelandair til landsins um 20-25 þúsund og bæta um 5-7 milljörðum króna í erlendum gjaldeyri í þjóðarþæði.

FERÐAÞJÓNUSTAN MIKILVÆG

Ég verð mjög var við það í samtölum við jafnt almenning og stjórnmalamenn að nú er mjög að aukast skilningur á mikilvægi ferðaþjónustunnar í atvinnulífi landsins. Um allt land gerir fólk sér betur og betur grein fyrir því að það felast töluverðir tekju- og afkomumöguleikar í ferðaþjónustu.

Ég ætla því að leyfa mér að vera bjartsýnn á framtíð ferðaþjónustunnar þegar til lengri tíma er litið og við hjá Icelandair erum staðráðin í því að leggja okkar af mörkum á árinu 2010.

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka:

Samstaða um úrlausnir

Árið sem nú er að líða er án nokkurs vafa eitt mesta umbrotaár í seinni tíð á Íslandi. Í einu vetfangi breyttust efnahagslegar forsendur fyrir fjölskyldur og fyrirtæki í landinu. Í ljósi þessa hefur helsta viðfangsefni Íslandsbanka á árinu snúð að því að leita úrlausna fyrir viðskiptavinum bankans.

NÝR VERULEIKI

Það vill oft gleymast í umræðunni að starfsfólk bankanna stóð einnig frammi fyrir nýjum veruleika í upphafi árs. Það traust sem ríkt hafði gagnvart bankastofnunum í samfélaginu var alvarlega laskað, fjölmargir viðskiptavinir voru reiðir út í bankann sinn og stolt bankastarfsmanna var brotið. Þá var framtíðin afar óráðin og ekki ljóst hvert stefndi í starfsemi íslensku viðskiptabankanna.

Til þess að takast á við þá óvissu sem einkenndi starfsumhverfi bankafólks og viðskiptavina þess ákvað starfsfólk Íslandsbanka að efna til stefnufundar í byrjun árs 2009 til þess að setja niður stefnu og markmið nýja bankans næstu tólf mánuðina. Á fundinum, sem haldinn var á laugardegi í janúar, komu um sex hundruð starfsmenn Íslandsbanka saman í eigin frítíma til þess að leggja línurnar fyrir komandi misseri. Þessi fundur olli straumhvörfum í því uppbyggingarstarfi sem við þurftum að takast á við.

Umræður voru hreinskiptar og starfsfólk sagði sínar skoðanir. Og það var svo sannarlega þörf á því. Fólk horfði heidarlega í augu við fortíðina, viðurkenndi það sem betur hefði mátt fara og treysti í sessi það sem vel hafði verið gert. Þarna hófst uppbygging nýja bankans fyrir alvöru. Það er nefnilega einu sinni þannig að það verður að byrja á fólkinu.

Út af stefnufundinum gengu sex hundruð starfsmenn með sameiginleg markmið og hugmynd um það hvert bankinn skyldi stefna og það sem mestu skiptir – með samstöðu að leiðarljósi og það sameiginlega markmið að vinna að úrlausnum fyrir viðskiptavina bankans. Auðvitað hefur ýmislegt gengið á og mörg mikilvæg skref verið tekin síðan en þegar ég lít til baka er þetta sá einstaki atburður sem mér er efstur í huga nú í lok árs.

AÐKOMA KRÖFUHAFA

